



Ársskýrsla Seðlabanka Íslands 2014

ÁRSSKÝRSLA 2014

Efnisyfirlit

3	I	Markmið og stefna
5	II	Stefnan í peningamálum
9	III	Fjármálakerfi
15	IV	Gjaldeyrisforði
19	V	Lánamál ríkissjóðs
23	VI	Alþjóðleg samskipti
25	VII	Sérstök verkefni
29	VIII	Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið
37		Samstæðuársreikningur 2014
		Viðaukar
83		Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2014
85		Ritaskrá Seðlabanka Íslands árið 2014
87		Töflur



Mynd af bankaráði og þeim stjórnendum sem sitja reglulega fundi bankaráðs tekin fyrir fund ráðsins 19. febrúar 2015. Á myndinni eru standandi frá vinstri: Már Guðmundsson seðlabankastjóri, Ágúst Ólafur Ágústsson, Ingvi Hrafn Óskarsson, Ragnar Árnason, Auður Hermannsdóttir, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Jón Þ. Sigurgeirsson, framkvæmdastjóri alþjóðasamskipta og skrifstofu bankastjóra. Sitjandi frá vinstri: Ingibjörg Ingvadóttir, Jón Helgi Egilsson, formaður bankaráðs, og Hildur Traustadóttir.

Útgefandi:

Seðlabanki Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600, símbréf: 569 9605

Netfang: sedlabanki@sedlabanki.is

Veffang: www.sedlabanki.is

Prentun og bókkband: Oddi ehf.

Reykjavík 2015

ISSN 1670-522X

Merking tákna:

- * Bráðabirgðatala eða áætlun.
- 0 Minna en helmingur einingar.
- Núll, þ.e. ekkert.
- ... Upplýsingar vantar eða tala ekki til.
- . Tala á ekki við.

I Markmið og stefna

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi. Jafnframt skal Seðlabankinn stuðla að fjármálastöðugleika. Með samþykki fjármála- og efnahagsráðherra er bankanum heimilt að lýsa yfir tölulegu markmiði um verðbólgu. Í sameiginlegri yfirlýsingu Ríkisstjórnar Íslands og Seðlabanka Íslands 27. mars 2001 er verðbólgu-markmiðið skilgreint sem 2½% hækkun á verði vöru og þjónustu á 12 mánaða tímabili.¹ Lög um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 veita bankanum fullt sjálfstæði við að framkvæma peningastefnuna til þess að ná þessu markmiði. Jafnframt er tekið fram að bankinn skuli stuðla að framgangi stefnu ríkisstjórnarinnar í efnahagsmálum enda telji hann það ekki ganga gegn meginmarkmiði sínu um stöðugt verðlag. Þá kemur fram í lögnum að bankinn skuli varðveita gjaldeyrisvarasjóð og stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslu-kerfi í landinu og við útlönd. Í lögnum eru jafnframt ákvæði um að gerð skuli opinberlega grein fyrir peningastefnunni og fyrir starfsemi bankans almennt.²

Peningastefna

Fimm manna peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórn-tækja í peningamálum. Stjórn-tæki bankans teljast í þessu sambandi vera vextir Seðlabanka Íslands, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarálán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar. Nefndin hefur sett sér reglur um starfshætti sem bankaráð staðfesti.³ Seðlabankastjóri er formaður peningastefnunefndar en í henni sitja að auki samkvæmt lögum aðstoðarseðlabankastjóri, einn af yfirmönnum bankans á sviði peningastefnumótunar og tveir sérfræðingar á sviði efnahags- og peningamála sem ráðherra skipar. Árið 2014 voru vaxtaákvörðunardagar átta talsins. Nefndin hélt auk þess vinnufund á Suðurnesjum og kynnti sér í leiðinni atvinnulíf og opinbera starfsemi. Þetta var fyrsti fundur nefndarinnar utan Seðlabankans.

Við framkvæmd stefnunnar í peningamálum gerir Seðlabankinn þjóðhags- og verðbólguþá þrjú ár fram í tímann. Spáin er birt í riti bankans, *Peningamálum*, sem gefið var út fjórum sinnum á árinu. Í ritinu birtir bankinn ítarlega greiningu á framvindu og horfum í efnahags- og peningamálum samhliða birtingu spárinnar.

Fjármálastöðugleiki

Seðlabanki Íslands skal stuðla að fjármálastöðugleika. Það var undirstrikað með breytingu á lögum um Seðlabankann árið 2013. Bankinn leitast jafnan við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana og fjármálamarkaða. Hann birtir ítarlega greiningu sína á þáttum sem varða fjármálastöðugleika tvisvar á ári í ritinu *Fjármálastöðugleiki*.

1. Yfirlýsingin var birt í *Peningamálum* 2001/2 og á heimasíðu bankans. Litils háttar breyting var gerð á henni í nóvember 2005.
2. Greint er nánar frá verkefnum bankans í ýmsum köflum þessarar skýrslu.
3. Reglur um starfshætti peningastefnunefndar eru aðgengilegar á vef Seðlabanka Íslands.

Auk þess stuðlar Seðlabankinn að virku og öruggu fjármálakerfi með rekstri kerfislega mikilvægra fjármálainnviða og með eftirliti með að kerfislega mikilvæg innlend greiðslu- og uppgjörskerfi séu í samræmi við alþjóðlega viðurkenndar kröfur og gefur m.a. í því skyni út ritið *Fjármálainnviðir*.

Seðlabanki Íslands setur lánastofnunum reglur um lágmark lausafjár, stöðuga fjármögnun í erlendum gjaldmiðlum og reglur um gjaldeyrisjöfnuð lánastofnana. Bankinn á viðskipti við lánastofnanir. Í lögum um bankann er honum einnig veitt heimild til að veita lánastofnunum í lausafjávanda ábyrgðir eða lán þegar sérstaklega stendur á og hann telur þess þörf til að varðveita traust á fjármálakerfi landsmanna.

Gjaldeyrisforði, lánamál ríkisins, gjaldeyrismál og fleiri verkefni

Eitt af viðfangsefnum Seðlabanka Íslands samkvæmt lögum er að varðveita gjaldeyrisforða. Gjaldeyrisforðinn dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri breytingum á aðgangi að lánsfé erlendis og sveiflum í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendar gjaldeyri og standa við erlendar lánaskuldbindingar. Gjaldeyrisforði skapar þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá má nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna. Til að tryggja markvissa stýringu á fjárhagslegri áhættu við rekstur forðans setur seðlabankastjóri reglur um varðveislu gjaldeyrisforðans sem bankaráð staðfestir. Seðlabanki Íslands sér um framkvæmd innlendra og erlendra lánamála og skuldastýringu ríkissjóðs í umboði fjármála- og efnahagsráðuneytis.

Vegna þeirra aðstæðna sem sköpuðust í kjölfar falls bankanna haustið 2008 varð stöðugleiki í gengi krónunnar, m.a. með stuðningi hafta á fjármagnshreyfingar frá landinu, einn af lykilþáttum stefnunnar í peningamálum. Á árinu var unnið að undirbúningi að losun fjármagnshaftanna.

Verkefnum Seðlabanka Íslands hefur fjölgað á síðustu árum, m.a. vegna falls bankanna. Meðal nýrra verkefna eru eftirlit með fjármagnshöftum, verkefni á sviði greiðslumiðlunar og úrvinnsla eigna og krafna í kjölfar þrots bankanna. Félög í eigu bankans sinna tveimur síðartöldu verkefnum.

II Stefnan í peningamálum

Meginmarkmið Seðlabanka Íslands er að stuðla að stöðugu verðlagi eins og kveðið er á um í lögum um bankann. Þetta markmið er útfært nánar sem 2½% verðbólgu­markmið í sameiginlegri yfirlýsingu bankans og ríkisstjórnar frá 27. mars 2001. Önnur markmið peningastefnunnar fela í sér að stuðla að fjármá­legum og efnahagslegum stöðugleika í þjóðarbúskapnum almennt.

Þróun vaxta, gengis og verðbólgu á árinu 2014

Seðlabankinn hefur verið virkur á innlendum gjaldeyrismarkaði á undanförunum misserum og keypt talsvert af erlendum gjaldeyri í reglubundnum og óreglubundnum viðskiptum.¹ Bankinn hefur þannig lagst gegn hækkun krónunnar og dregið úr gengissveiflum. Gengi krónunnar hélst því tiltölulega stöðugt gagnvart viðskiptaveginni gengisvísitölu og evru á síðasta ári. Gengið hækkaði um tæplega 2% gagnvart vísitölunni yfir árið samanborið við um 11% á árinu 2013. Hrein gjaldeyriskaup bankans á millibankamarkaði með gjaldeyri námu um 5½% af ætlaðri landsframléiðslu ársins 2014 en bankinn hefur ekki áður keypt jafn mikinn gjaldeyri á markaðnum á einu ári.


Verðbólga fór í markmið snemma árs 2014 og var við eða undir því á árinu. Meðalverðbólga var 2% og hafði hjaðnað úr 3,9% árið áður og 5,2% árið 2012. Í desember 2014 mældist ársverðbólga 0,8% og fór hún því í fyrsta sinn niður fyrir 1% neðri vikmörk verðbólgu­markmiðsins. Verðbólga hefur ekki verið minni síðan í lok árs 1994. Hún hefur fyrst og fremst verið drifin áfram af hækkun húsnæðisliðar vísitölunnar og ef horft er á vísitölu neysluverðs án húsnæðis hafði verðlag lækkað um 0,4% í desember frá fyrra ári. Undirliggjandi verðbólga hjaðnaði einnig á árinu 2014. Ársverðbólga á mælikvarða kjarnavísitölu 3, sem undanskilur áhrif óbeinna skatta, sveiflukenn­dra matvöruliða, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðis­lána, mældist 1,4% í desember 2014 samanborið við 4,5% í byrjun ársins. Verðlækkun innfluttrar vöru og þjónustu hefur dregið verulega úr verðbólgu á síðustu misserum og í desember sl. nam árs­lækkunin 2,8%. Hjöðnun mældrar verðbólgu á árinu 2014 virðist því byggjast á tiltölu­lega breiðum grunni og er undirliggjandi verðbólga lítil.

Peningastefnunefnd Seðlabanka Íslands hélt vöxtum bankans óbreyttum fram í nóvember 2014 þegar þeir voru lækkaðir um 0,25 prósentur. Í desember voru vextir síðan lækkaðir um 0,5 prósentur til viðbótar. Í lok ársins voru meginvextir hans, þ.e. vextir á 7 daga bundnum innlánum, því 4,5%. Þrátt fyrir lækkun nafnvaxta bankans hafði taumhald peningastefnunnar ekki slaknað þar sem raunvextir bankans, miðað við meðaltal mismunandi mælikvarða á verðbólgu og verðbólguvæntingum, voru 2,2% í lok desember 2014 eða tæplega

Mynd II-1

Gengi krónu og gengisflökt

Daglegar tölur 4. janúar 2010 - 31. desember 2014




1. Verð erlendra gjaldmiðla í krónum. Vinstri ás er viðsnúinn þannig að styrking krónunnar kemur fram sem hækkun ferilsins. 2. Flökt krónu er 3 mánaða staðalfrávik daglegra breytinga.

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-2

Ýmsir mælikvarðar á verðbólgu

Janúar 2001 - desember 2014



1. Kjarnavísitala 3 er vísitala neysluverðs án búvöru, grænmetis, ávaxta, bensíns, opinberrar þjónustu og raunvaxtakostnaðar húsnæðis­lána. Í kjarnavísitölu 4 er að auki markaðsverð húsnæðis undanskilið.


Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

1. Samkvæmt 24. grein laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, skal peningastefnunefnd taka ákvarðanir um beitingu stjórn­ tækja bankans. Í lögum er kveðið svo á að viðskipti á gjaldeyrismarkaði sem hafa það að markmiði að hafa áhrif á gengi krónunnar séu eitt af stjórn­ tækjum bankans. Aukin beiting gjaldeyrissinngripa er einnig í samræmi við tillögur Seðlabankans um endurbætur rammans um verðbólgu­markmiðið (sjá t.d. umfjöllun í Sér­ riti nr. 4: Peningastefnan eftir höft, desember 2010).

Mynd II-3

Vextir Seðlabanka Íslands og skammtíma-markaðsvextir

Daglegar tölur 3. janúar 2011 - 31. desember 2014




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd II-4

Raunvextir Seðlabanka Íslands¹

Janúar 2010 - desember 2014



1. Fram til maí 2014 er miðað við meðaltal innlánsvaxta og hámarks- vaxta á innstæðubréfum með 28 daga binditíma sem nafnvexti bankans en frá maí 2014 er miðað við vexti 7 daga bundinna innlána. 2. Fram til janúar 2012 er miðað við 12 mánaða verðbólgu, verðbólguvæntingar fyrirtækja til eins árs, verðbólguvæntingar heimila til eins árs, verðbólgu- álag á fjármálamarkaði og spá Seðlabankans um ársverðbólgu eftir fjóra ársfjórðunga. Frá febrúar 2012 er einnig miðað við verðbólguvæntingar markaðsaðila til eins árs samkvæmt ársfjórðungslegri könnun Seðlabankans. Heimildir: Capacent Gallup, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

prósentu hærrí en í ársbyrjun. Miðað við liðna ársverðbólgu höfðu raunvextir bankans hækkað um 2½ prósentu yfir árið, í 3,7%, en áhrif þeirrar þróunar á eftirspurn eru hins vegar vandmetin í ljósi snarprar lækkunar olíuverðs á seinni hluta ársins sem óvíst er hversu lengi varir.

Í yfirlýsingu ríkisstjórnarinnar og Seðlabankans um verðbólgu- markmiðið frá 2001 er tiltekið að ef tólf mánaða verðbólga viku meira en 1½ prósentu frá 2½% verðbólgu- markmiðinu, beri bank- anum að senda greinargerð til ríkisstjórnar þar sem fram kemur hverjar bankinn telur vera meginástæður fráviksins, hvernig bankinn hyggst bregðast við og hve langan tíma hann telur það taka að ná verðbólgu- markmiðinu að nýju. Í desember fór verðbólga niður fyrir 1% neðri vikið verðbólgu- markmiðsins og í greinargerðinni sem Seðlabankinn sendi til ríkisstjórnarinnar af því tilefni kom m.a. fram að verðbólga hefði fyrst og fremst farið niður fyrir markmiðið vegna lækkunar inn- flutningsverðs sakir alþjóðlegrar þróunar og tiltölulega stöðugs gengis. Einnig kom fram að litlar líkur væru taldar á langvarandi verðhjöð- unarskeiði þar sem nafnvöxtur eftirspurnar væri enn töluverður, talið væri að slakinn í þjóðarbúskapnum væri við það að hverfa og laun hefðu hækkað töluvert umfram það sem til lengdar samrýmist verð- bólgumarkmiðinu. Bent var á að peningastefnunefndin hefði þegar brugðist við nýlegri hjöðnun verðbólgu og lækkun verðbólguvæntinga með lækkun vaxta. Óróleika gætti hins vegar á vinnumarkaði sem gæti leitt til þess að verðbólga ykist hratt á ný og því væri óvíst hvort færi gæfist á frekari lækkun vaxta bankans fyrr en dregið hefði úr þeirri óvissu sem þar ríkti.

Ákvarðanir í peningamálum og rökstuðningur þeirra

Seðlabanki Íslands á að gera opinberlega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peninga-, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Það er meðal annars gert í riti bankans *Peningamálum* en þar gerir bankinn grein fyrir horfum í efnahags- og peningamálum. Ritið kemur út fjórum sinnum á ári. Ritið er einnig gefið út á ensku undir heitinu *Monetary Bulletin*.

Þá kveða lög um Seðlabanka Íslands svo á að peningastefnu- nefnd bankans birti fundargerðir sínar opinberlega og geri grein fyrir ákvörðunum sínum og forsendum þeirra. Nefndin birtir fundargerðir sínar hálfum mánuði eftir að vaxtaákvörðun er tilkynnt en þar kemur fram mat nefndarinnar á stöðu og horfum í efnahags- og peninga- málum og rökstuðningur nefndarmanna fyrir atkvæðum sínum. Lögin kveða einnig svo á að nefndin skuli gefa Alþingi skýrslu um störf sín tvisvar á ári.

Til þess að peningastefna geti verið framsýn þarf seðlabanki að ráða yfir haglíkönun sem gera honum kleift að meta efnahagshorfur, einkum verðbólguhorfur. Stöðugt er unnið að þróun haglíkana til að meta efnahagshorfur og greina áhrif peningastefnunnar. Liður í því að auka gegnsæi er að hafa meginpálíkanið og gagnagrunn þess til reiðu á heimasíðu bankans.

Peningastefnunefnd og ákvarðanir hennar

Peningastefnunefnd tekur ákvarðanir um beitingu stjórn- tækja bank- ans í peningamálum. Stjórn- tæki bankans teljast í þessu sambandi vera

vaxtaávarðanir, viðskipti við lánastofnanir önnur en þrautavarlán, bindiskylda og viðskipti á gjaldeyrismarkaði.

Peningastefnunefnd var á árinu skipuð Má Guðmundssyni seðlabankastjóra, sem samkvæmt lögunum er formaður nefndarinnar, Arnóri Sighvatssyni aðstoðarseðlabankastjóra, Þórarni G. Péturssyni, aðalhaf-fræðingi Seðlabanka Íslands, Gylfa Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands og Katrínu Ólafsdóttur, lektor við Háskólann í Reykjavík.

Vaxtaávarðanir 2014

Lög um Seðlabanka Íslands kveða svo á að peningastefnunefnd haldi fundi að minnsta kosti átta sinnum á ári. Átta vaxtaákvörðunarfundir voru haldnir á árinu en nefndin hélt einnig aukafund á Suðurnesjum í byrjun október. Vaxtaávarðanir nefndarinnar voru með eftirfarandi hætti:

12. febrúar: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra en Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að hækka vexti um 0,25 prósentur.

19. mars: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

21. maí: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

11. júní: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

20. ágúst: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

1. október: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu hafðir óbreyttir. Allir nefndarmenn studdu tillögu seðlabankastjóra.

5. nóvember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækk- aðir um 0,25 prósentur. Arnór Sighvatsson, Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu tillögu seðlabankastjóra. Arnór Sighvatsson hefði þó heldur kosið að halda vöxtum óbreyttum en var þó þeirrar skoð- unar að munurinn væri það lítill að hann gæti fallist á tillögu seðla- bankastjóra. Þórarinn G. Pétursson greiddi atkvæði gegn henni og kaus heldur að halda vöxtum óbreyttum.

10. desember: Seðlabankastjóri lagði til að vextir bankans yrðu lækk- aðir um 0,5 prósentur. Gylfi Zoëga og Katrín Ólafsdóttir studdu til- lögu seðlabankastjóra en Arnór Sighvatsson og Þórarinn G. Pétursson greiddu atkvæði gegn henni og kaus heldur að lækka vexti um 0,25 prósentur.



Peningastefnunefnd eins og hún var skipuð á árinu. Frá vinstri talið eru Þórarinn G. Pétursson, aðalhogfræðingur Seðlabanka Íslands, Katrín Ólafsdóttir, lektor við Háskólann í Reykjavík, Már Guðmundsson seðlabankastjóri, formaður nefndarinnar, Arnór Sighvatsson aðstoðarseðlabankastjóri og Gylfi Zoëga, prófessor við Háskóla Íslands.

III Fjármálakerfi

Seðlabanki Íslands skal samkvæmt lögum stuðla að fjármálastöðugleika. Í því felst að fjármálakerfið geti staðist áföll í efnahagslífi og á fjármálamörkuðum, miðlað lánsfé og greiðslum og dreift áhættu með viðhlítandi hætti. Heilbriggt fjármálakerfi er nauðsynleg forsenda hagstæðrar framvindu í efnahagsmálum og virkrar stefnu í peningamálum.

Áherslur í fjármálastöðugleika


Meginviðfangsefni Seðlabanka Íslands á sviði fjármálastöðugleika er greining áhættu sem raskað getur stöðugleika í fjármálakerfinu, viðeigandi rannsóknir og setning lausafjár- og gjaldeyrisjafnaðarreglna sem taka til lánastofnana auk eftirlits á grundvelli þeirra. Í þessu felst jafnframt þátttaka í stefnumótun um uppbyggingu fjármálakerfisins og mótun frekari varúðarreglna fyrir það auk samskipta við aðrar stofnanir, einkum Fjármálaeftirlitið og fjármála- og efnahagsráðuneyti, og þátttaka í umtalsverðu alþjóðlegu samstarfi. Í þessu skyni er leitast við að hafa góða yfirsýn yfir stöðu lánastofnana, fjármálamarkaða, heimila og fyrirtækja. Á undanförunum misserum hefur verið lögð aukin áhersla á greiningu á stöðu heimila og fyrirtækja, fylgst er með þróun eigna og skulda og þær settar í samhengi við aðrar hagstærðir. Innan fjármagnshaftanna er einnig nauðsynlegt að fylgjast með ytri stöðu þjóðarbúsins, afborgunarferli erlendra lána, fjármagnsflæði og endurfjármögnunaráhættu innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum. Að vori birtist að jafnaði ítarleg greining á þáttum sem varða fjármálastöðugleika í ritinu *Fjármálastöðugleiki* sem uppfærð er að hausti.

Þróun fjármálastöðugleika

Á síðastliðnu ári voru fjármagnshöftin, áhætta sem þeim tengist og losun þeirra ofarlega á baugi, auk endurfjármögnunaráhættu óháð fjármagnshöftum í erlendum gjaldmiðlum. Á árinu minnkaði áhætta í fjármálakerfinu, einkum vegna þess að lánstími á skuldabréfum milli Landsbankans og LBI var lengdur, og viðnámsþróttur fjármála-fyrirtækja hélt áfram að aukast. Samanlagt eiginfjárlutfall stóru viðskiptabankanna var í árslok 28,5%, vanskilahlutfall lækkaði enn og lausafjárstaða bankanna, sér í lagi í erlendum gjaldmiðlum, var sterk. Uppgjör stóru viðskiptabankanna sýndu umtalsverðan hagnað á árinu 2014. Arðsemi heildareigna var 2,7% sem telst mikil í alþjóðlegum samanburði. Margvíslegir matsliðir og óreglulegir liðir settu þó mark sitt á uppgjörin. Helstu mælikvarðar á fjárhagsstöðu heimila hafa sýnt jákvæða þróun síðustu misseri og horfur eru nokkuð góðar. Kaupmáttur hefur aukist umtalsvert og hrein eign heimila hefur ekki verið meiri frá aldamótum að undanskildum árunum 2005-2007. Dregið hefur úr skuldavanda einstaklinga en þó er skuldastaða ungs fólks enn nokkuð erfið. Á undanförunum tveimur árum hefur hús-næðisverð á Íslandi hækkað í takt við vöxt tekna og minnkandi atvinnuleysi. Á árinu 2014 hækkaði íbúðaverð nokkru hraðar á höfuð-

Mynd III-1

Áætlaðar afborganir annarra en ríkissjóðs og SÍ af erlendum lánum og lánaskuldum í erlendum gjaldmiðlum til föllnu bankanna¹




1. Miðað við gengi 27.08.2014.

Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd III-2


Vanskilahlutföll þriggja stærstu viðskiptabankanna¹



1. Móðurfélög, bókfært virði.


Heimild: Fjármálaeftirlitið.

Mynd III-3
Tekjur stærstu viðskiptabankanna¹
2013-2014



1. Samstæður án tekna vegna móttöku hlutabréfa hjá LB árið 2013.
Heimildir: Arsreikningar viðskiptabanka.

Mynd III-4
Eignir föllnu bankanna
Bókfært virði 30.06.2014



Heimildir: Fjárhagsupplýsingar Glitnis, Kaupþings og LBI, Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

borgarsvæðinu eða um 8,6% að raunvirði. Seðlabankinn mun áfram fylgjast náið með þróun íbúðaverðs, meðal annars í ljósi hugsanlegra áhrifa fjármagnshafta á eignaverð.

Efnahagshorfur eru að mörgu leyti betri hér á landi en í helstu viðskiptalöndum, hagvöxtur hefur verið meiri hér á landi, verðbólga er nálægt verðbólguþröngmiði, ríkissjóður rekinn með afgangi og viðvarandi afgangur er af utanríkisviðskiptum. Ríkissjóður hefur enn og aftur sýnt fram á markaðsaðgang að erlendum lánsfjármörkuðum á viðráðanlegum kjörum og markaðsaðgengi annarra innlendra aðila hefur aukist. Auk þess hefur munur á skráðu gengi krónunnar og aflandsgengi hennar minnkað og jákvæður vaxtamunur Íslands gagnvart helstu viðskiptalöndum er verulegur. Sem stendur virðast því vera efnahagslegar forsendur fyrir farsælli losun fjármagnshaftanna.

Einn helsti áhættuþáttur fjármálastöðugleika undanfarin ár hefur verið háar samningsbundnar greiðslur af erlendum lánum innlendra aðila sem eru undanþegnar fjármagnshöftum. Lengdur láns tími á skuldabréfum Landsbankans á árinu 2014 dró mjög úr þessari greiðslubyrði og minnkar endurfjármögnunarpörf þjóðarbúsins á erlendum lánsfjármörkuðum ásamt því að styðja við gengi krónunnar. Að teknu tilliti til lengri lánstíma má telja líklegt að afgangur af utanríkisviðskiptum, að óbreyttum ytri forsendum, muni nægja fyrir ófjármagnaðri afborgunarbyrði innlendra aðila á erlendum lánsfjármörkuðum á næstu árum. Uppgjör föllnu bankanna og samspil þeirra við losun fjármagnshafta er helsti áhættuþáttur fjármálastöðugleika um þessar mundir. Meðal annarra áhættuþátta má nefna krónueignir í höndum erlendra fjárfesta sem haldið er innan hafta. Forsenda þess að hægt sé að losa fjármagnshöftin án umtalsverðs óstöðugleika er að lausn finnist á þeim greiðslujafnaðarvanda sem stafar af greiðslum til kröfuhafa af innlendum eignum skráðum í krónum.

Fjármálastöðugleikaráð og kerfisáhættunefnd

Í júní 2014 tóku gildi ný lög um fjármálastöðugleikaráð. Í fjármálastöðugleikaráði sitja fjármála- og efnahagsráðherra, sem er formaður, seðlabankastjóri og forstjóri Fjármálaeftirlitsins. Fjármálastöðugleikaráð er formlegur vettvangur samráðs, upplýsingaskipta og stefnumótunar vegna fjármálastöðugleika og ráðinu er ætlað að samhæfa viðbúnað opinberra aðila við fjármálakreppu. Markmið ráðsins eru að efla og varðveita fjármálastöðugleika í almannabágu, auka viðnámsþrótt fjármálakerfisins og sporna við uppsöfnun kerfisáhættu. Bendi greiningar fjármálastöðugleikaráðs til þess að fjármálastöðugleika sé ógnað skal ráðið gefa út tilmæli um viðeigandi aðgerðir, aðrar en beitingu stjórn-tækja Seðlabanka Íslands í peningamálum, til þar til bærra stjórnvalda. Jafnframt staðfestir ráðið skilgreiningar á kerfislega mikilvægum eftirlitsskyldum aðilum, innviðum og mörkuðum sem eru þess eðlis að starfsemi þeirra getur haft áhrif á fjármálastöðugleika. Á síðastliðnu ári fundaði fjármálastöðugleikaráð tvisvar sinnum, gaf út opinbera stefnu um fjármálastöðugleika og mótaði eigin starfsreglur. Umsýsla vegna fjármálastöðugleikaráðs og undirbúningur fundu þess er á hendi fjármála- og efnahagsráðuneytisins.

Kerfisáhættunefnd starfar fyrir fjármálastöðugleikaráð. Í kerfisáhættunefnd sitja fimm, þ.e. seðlabankastjóri, sem er formaður,

forstjóri Fjármálaeftirlitsins, sem er varaformaður, aðstoðarseðla-bankastjóri, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins og einn sérfræðingur í málefnum fjármálamarkaðar eða hagfræði sem fjármála- og efnahags-ráðherra skipar án tilnefningar til fimm ára. Ráðuneytisstjóri, eða til-nefndur embættismaður ráðuneytisins, á sæti á fundum nefndarinnar með málfrelsi og tillögurétt en án atkvæðisréttar. Hlutverk og verkefni kerfisáhættunefndar eru að leggja mat á ástand og horfur í fjármála-kerfinu, kerfisáhættu og fjármálastöðugleika. Nefndin nýtir til þess greiningarvinnu Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins sem kveðið er á um í samstarfssamningi stofnananna, svo og greiningarvinnu ann-arra innlendra og erlendra aðila eftir því sem tilefni er til. Nefndin fjallar um samspil beitingar stýritækja Seðlabankans og Fjármálaeftirlitsins sem áhrif hafa á fjármálastöðugleika, að undanskildum stýritækjum Seðlabankans á sviði peningamála, og gerir tillögur til fjármálastöðug-leikaráðs í samræmi við lög og starfsreglur nefndarinnar. Umsýsla nefndarinnar er á hendi Seðlabanka Íslands sem vistar nefndina og sér um skráningu og skjölun. Á síðastliðnu ári fundaði kerfisáhættunefnd tvisvar sinnum og tók saman margvíslegt efni fyrir fundi fjármála-stöðugleikaráðs.

Samstarfssamningur við Fjármálaeftirlitið endurnýjaður

Í desember 2014 endurnýjuðu Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið samstarfssamning milli stofnananna og við sama tækifæri var undir-ritað samkomulag Seðlabanka Íslands og Fjármálaeftirlitsins um fram-kvæmd lausafjárefnir lánastofnana. Markmið samstarfssamningsins er að formbinda samvinnu og upplýsingaskipti stofnananna og sam-hæfa viðbrögð við kerfisáhættu á vettvangi fjármálastöðugleikaráðs. Í samningnum segir að til að ná því markmiði sé nauðsynlegt að sam-vinna stofnananna, meðal annars á vettvangi kerfisáhættunefndar og fjármálastöðugleikaráðs, miði að því að greina og meta kerfis-áhættu. Þá skuli greining á fjármálastöðugleika draga upp greinargóða mynd af styrkleika og veikleika fjármálakerfisins. Greining á stöðu þýðingarmikilla aðila á fjármálamarkaði á enn fremur að draga upp skýra mynd af viðnámsþrótti þeirra. Til að leggja mat á ástand og horfur í fjármálakerfinu og kerfisáhættu hafa stofnanirnar sett á lagg-irnar fimm sameiginlega áhættumatshópa sem starfa árið um kring. Áhættumatshóparnir eru útlánaáhættuhópur, markaðsáhættuhópur, lausafjár- og fjármögnunaráhættuhópur, áhættuhópur um fjármála-innviði og svonefndur mikró-makróhópur.

Reglur um fjármögnunarhlutfall

Í desember 2014 setti Seðlabanki Íslands reglur um fjármögnunarhlut-fall viðskiptabanka í erlendum gjaldmiðlum. Fjármögnunarhlutfallið byggist á grunni reglna Basel-nefndarinnar um bankaeftirlit um stöðuga fjármögnun (e. Net Stable Funding Ratio, NSFR). Fjármögn-unarhlutfallinu er ætlað að tryggja lágmark stöðugar fjármögnunar í erlendum gjaldmiðlum til eins árs og takmarkar því að hve miklu leyti viðskiptabankar geta reitt sig á óstöðuga skammtímafjármögnun til þess að fjármagna langtímaútlán í erlendum gjaldmiðlum. Reglur um fjármögnunarhlutföll draga úr svokölluðu gjalddagamisræmi sem er sérlega brýnt í aðdraganda losunar fjármagnshafta.

Fjármálainnviðir

Meginviðfangsefni Seðlabankans á sviði fjármálainnviða eru greining, mat á öryggi, hagkvæmni og skilvirkni kerfislega mikilvægra fjármálainnviða. Seðlabanki Íslands beinir fyrst og fremst sjónum að hinu þjóðhagslega umhverfi fjármálakerfisins og að fjármálakerfinu í heild, styrk þess og veikleikum.

Markmið yfirsýnar með kerfislega mikilvægum fjármálainnviðum af hálfu Seðlabankans eru að stuðla að öryggi, virkni og hagkvæmni kjarnainnviða íslensks fjármálakerfis og þar með fjármálastöðugleika.

Í yfirsýnarhlutverki Seðlabankans yfir kerfislega mikilvægum innviðum felst einkum eftirfarandi:

- Fylgst er með þróun, virkni og rekstraröryggi slíkra innviða með söfnun upplýsinga og samskiptum við kerfisstjóra, sem lagalega ábyrgð bera á rekstri innviða sinna, s.s. um frávík eða uppákomur.
- Reglubundið skal mat lagt á öryggi og virkni einstakra kerfislega mikilvægra innviða á grundvelli alþjóðlega viðurkenndra tilmæla um bestu framkvæmd, þ.e. Kjarnareglu CPMI/BIS og IOSCO (e. Principles for Financial Market Infrastructures, PFMI). Kjarnareglunum skal beitt með samræmdum hætti gagnvart ólíkum kerfislega mikilvægum innviðum.
- Tillögugerð um breytingar á innviðum og umgjörð þeirra (þ.m.t. regluverki), ef ástæða þykir til.

Seðlabankinn fjallar árlega um kerfislega mikilvæga fjármálainnviði í riti sínu *Fjármálainnviðir*. Gerð er grein fyrir ofangreindum þáttum, að því er einstaka innviði varðar, eftir því sem við kann að eiga.

Seðlabankinn endurmetur reglulega hvaða fjármálainnviðir teljast skulu kerfislega mikilvægir, á grundvelli framangreindra viðmiða.¹

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið eiga lögum samkvæmt með sér samstarf m.t.t. fjármálastöðugleika og mögulegrar kerfisáhættu, þ. á m. á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar.² Þá hefur Seðlabanki Íslands beint og óbeint með höndum rekstur tveggja af mikilvægustu fjármálainnviðum landsins, þ.e. stórgreiðslukerfisins og jöfnunarkerfisins. Hlutverk fjármálainnviða er að bera kennsl á, fylgjast með og stýra þeirri áhættu sem myndast getur í starfsemi helstu þátttakenda, annarra fjármálainnviða og þjónustufyrirtækja. Hluti af því er að skrá og fylgja eftir öllum atvikum og frávikum sem fram koma í rekstri og framkvæmd stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis.

Jafnframt hefur bankinn með höndum stefnumótun um uppbyggingu, mótun varúðarreglna fyrir kerfisstjóra kerfislega mikilvægra fjármálainnviða, samskipti við Fjármálaeftirlitið og ráðuneyti, auk þátttöku í alþjóðlegu samstarfi eftir því sem við á.

1. Eitt af verkefnum fjármálastöðugleikaráðs, skv. lögum nr. 66/2014, er að staðfesta skilgreiningar á kerfislega mikilvægum innviðum sem eru þess eðlis að geta haft áhrif á fjármálastöðugleika.

2. Sjá 35. gr. laga nr. 36/2001, 15. gr. laga nr. 87/1998 og gildandi samstarfssamning stofnananna. Stofnanirnar hafa t.d. átt samstarf um framkvæmd úttektar á uppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. andspænis alþjóðlegum tilmælum um öryggi verðbréfauppgjör.

Rekstur kerfa – kerfislega mikilvægir fjármálainnviðir

Rekstur kerfislega mikilvægra fjármálainnviða gekk í stórum dráttum vel á árinu 2014. Þessar hugbúnaðarlausnir eru komnar til ára sinna og uppfylla ekki allar þær kröfur sem gerðar eru í alþjóðlegum stöðlum um slík kerfi, m.a. nýjar Kjarnareglur Alþjóðagreiðslubankans og Alþjóðlegu verðbréfanefndarinnar um kerfislega mikilvæga fjármálainnviði. Því er ljóst að bæði stórgreiðslukerfið og jöfnunarkerfið þarfnast endurnýjunar. Í helstu samanburðarlöndum okkar eins og Norðurlöndunum er endurnýjun stórgreiðslukerfa seðlabankanna lokið eða stendur yfir. Þá kallar endurnýjun á tækniinnviðum hjá Reiknistofu bankanna (RB) á breytingar en RB annast tæknilegan rekstur kerfanna.

Seðlabankinn hóf á síðasta ári formlegan undirbúning að endurnýjun stórgreiðslukerfisins og jöfnunarkerfisins fyrir nýja kynslóð kerfa sem bæði falla í flokk kerfislega mikilvægra fjármálainnviða með vísan til ákvæða laga nr. 90/1999. Núverandi kerfi munu verða fyrir miklum áhrifum af breytingum grunninnviða RB enda eru þau hluti af stærri heild stórtölvuumhverfis RB. Öryggissjónarmið, viðskiptavirkni, aldur kerfa og forritunarmál auk hækkandi rekstrarkostnaðar og ákvæða nýrra Kjarnareglna gera það að verkum að ekki verður hjá því komist að skipta út núverandi hugbúnaðarlausnum, þ.e. stórgreiðslukerfi og jöfnunarkerfi. Endurnýjun grunninnviða RB gefur jafnframt tilefni til að hraða þessari framkvæmd.

Hér er um stórt og viðamikið verkefni að ræða og áætlað er að því verði lokið á árinu 2017. Við endurnýjunina verður m.a. lögð áhersla á að varðveita þá rauntímagreiðslumiðlun sem verið hefur við lýði hér á landi í meira en áratug.

Sjálfsmat á uppbyggingu og rekstri kerfislega mikilvægra fjármálainnviða

Seðlabankinn ákvað 2012 að taka mið af nýjum Kjarnareglum Alþjóðagreiðslubankans og Alþjóðlegu verðbréfanefndarinnar um kerfislega mikilvæga fjármálainnviði. Í því felst að kerfisstjórn fjármálainnviða ber að leggja mat á hversu vel uppbygging og rekstur stórgreiðslu- og jöfnunarkerfanna uppfyllir ákvæði nýrra Kjarnareglna. Hlutverk kerfisstjórnar fjármálainnviða er að skapa trausta umgjörð fyrir áhættustýringu með viðeigandi kerfum, stefnu og eftirliti til að bera kennsl á, fylgjast með og stýra rekstraráhættu.

Sjálfsmat á stórgreiðslukerfi og jöfnunarkerfi hófst um mitt ár 2014 og lauk fyrir árslok. Niðurstaða yfirsýnar Seðlabankans um sjálfsmat kerfisstjórnar mun liggja fyrir á fyrsta ársfjórðungi 2015. Á árinu 2014 var einnig unnið að endurnýjun samninga við rekstrar- og þjónustuaðila kerfanna, endurnýjun þátttökusamninga, hugað að breytingum á reglum stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis, stjórnskipulagi og öðrum atriðum sem Kjarnareglurnar taka til. Flestum þessara þátta er nú lokið og vinnu við aðra mun ljúka á fyrri hluta árs 2015.

Stórgreiðslukerfi og jöfnunarkerfi

Stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands er farvegur fyrir rauntímagreiðslur 10 m.kr. og hærri milli fjármálafyrirtækja og viðskiptavina þeirra. Í stórgreiðslukerfinu fer jafnframt fram endanlegt uppgjör jöfnunarkerfisins sem miðlar í rauntíma fjárhæðum þar sem einstök greiðslufyrirmæli

eru undir 10 m.kr. og sendir nettunarfjárhæðir til endanlegs uppgjörs í stórgreiðslukerfinu. Þá fer endanlegt peningalegt uppgjör verðbréfavíðskipta úr verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar Íslands hf. fram í stórgreiðslukerfi Seðlabankans.³

Um mitt ár 2014 bættist Euroclear Bank SA/NV við sem þátttakandi í stórgreiðslukerfinu. Þátttakendur í því í lok árs 2014 voru Arion banki hf., Clearstream Banking s.a., Euroclear Bank s.a., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf., MP banki hf., Seðlabanki Íslands og Straumur fjárfestingabanki hf. Að auki notar Verðbréfaskráning Íslands hf. kerfið sem uppgjörsaðili en félagið telst ekki til hefðbundinna þátttakenda í kerfinu. Engar verulegar rekstrartruflanir urðu á rekstri stórgreiðslukerfisins á árinu. Heildarvelta í stórgreiðslukerfinu 2014 jókst um 8% miðað við árið áður og nam alls 13.915 ma.kr. í rúmlega 89 þúsund greiðslufyrirmælum sem er 3,3% fækkun færslna.

Ekki varð breyting á þátttakendum í jöfnunarkerfinu 2014. Beinir þátttakendur í jöfnunarkerfinu í lok árs voru Arion banki hf., Íbúðalánasjóður, Íslandsbanki hf., Landsbankinn hf. og MP banki hf. auk Seðlabanka Íslands. Heildarveltan í jöfnunarkerfinu árið 2014 jókst um 2,3% frá fyrra ári og nam alls 3.141 ma.kr. Færslum árið 2014 fjölgaði um 3,3% frá 2013 og voru rétt rúmar 76 milljónir.

Uppitími bæði stórgreiðslukerfis og jöfnunarkerfis var 100% árið 2014. Þó að ekki hafi orðið nein röskun á reglubundinni starfsemi komu þó upp fimm atvik sem skilgreind voru alvarleg. Annars vegar var um að ræða brot á reglum um kerfin og hins vegar röng framkvæmd sem rekja má til tæknilegrar högunar kerfanna sem skýrist af kerfislegri uppbyggingu og aldri þeirra. Brugðist hefur verið við öllum þessum atvikum.

Reiðufé

Reiðufé í umferð utan Seðlabanka og innlánsstofnana nam 44 ma.kr. í árslok 2014. Aukning á árinu 2014 var 2,4 ma.kr. eða 5,8%. Samsvarandi aukning árið 2013 var 1,8%. Ísland hefur lengi verið í hópi þeirra landa þar sem notkun reiðufjár er minnst. Í árslok 2014 var reiðufé í umferð sem hlutfall af VLF aðeins 2,2%. Þá nam verðmæti 10.000 kr. seðla í umferð utan Seðlabanka alls 13,2 milljörðum króna og var hlutdeild þeirra 28% af heildarverðmæti seðla í umferð. Á árinu 2014 bárust seðlagreiningardeild bankans 11,5 milljónir seðla frá bönkum og eyddi deildin 5,6 milljónum seðla.

3. Verðbréfauppgjörskerfi Verðbréfaskráningar heldur m.a. utan um skráð verðbréf og breytingar á eignarréttindum. Seðlabanki Íslands hefur með höndum peningalegt uppgjör verðbréfavíðskipta. Aðilar að kerfum Verðbréfaskráningar Íslands hf. voru 27 á seinni hluta ársins 2014, þ.e. fimm fjármálafyrirtæki, níu verðbréfafyrirtæki, sjö erlendir bankar og sex stofnanafjárfestar.

IV Gjaldeyrisforði

Seðlabanki Íslands hefur það viðfangsefni samkvæmt lögum að varðveita gjaldeyrisforða. Með gjaldeyrisforða er Seðlabankanum gert kleift að ná settum markmiðum og sinna skyldum sínum. Gjaldeyrisforðinn dregur úr áhrifum af ytri áhættu tengdri breytingum á aðgangi að erlendu lánsfé og sveiflum í fjármagnsstreymi til og frá landinu. Forðinn gerir bankanum kleift að aðstoða ríkissjóð við að mæta þörfum fyrir erlendan gjaldeyri. Gjaldeyrisforði skapar enn fremur þá tiltrú á mörkuðum að landið geti staðið við erlendar skuldbindingar sínar. Þá er hægt að nota gjaldeyrisforða til að styðja við peningastefnuna.

Stærð gjaldeyrisforða

Stærð gjaldeyrisforðans tekur mið af umfangi utanríkisviðskipta, fyrirkomulagi gengis- og peningamála, reglum um fjármagnshreyfingar og gjaldeyrisviðskipti og erlendum skuldum ríkissjóðs og þjódarbúsins. Á hverjum tíma ræðst nauðsynleg stærð af horfum um þróun greiðslujafnaðar. Alþjóðlegar skuldbindingar og samstarf, svo sem við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS), kunna því til viðbótar að setja lágmarksstærð gjaldeyrisforðans skorður. Ákvörðun um stærð forðans er sérstök ákvörðun seðlabankastjóra sem tekur mið af ofangreindum þáttum.

Hinn 31. desember 2014 var gjaldeyrisforði Seðlabankans 530 milljarðar króna eða 4,2 milljarðar Bandaríkjadala sem samsvarar 28% af landsframleiðslu Íslands 2013. Gjaldeyrisforði landsins samsvarar átta mánaða vöru- og þjónustuinnflutningi¹ og 32% af peningamagni og sparifé (M3).

Helstu hreyfingar

Gjaldeyrisforði Seðlabanka Íslands jókst um 42,5 ma.kr. árið 2014. Forðinn var í lok desember 2013 um 488 ma.kr. en um 530 ma.kr. í lok desember 2014.

Helstu breytingar sem minnkuðu forða á tímabilinu má rekja til fyrirframgreiðslu á Norðurlandalánum sem nam um 114 ma.kr., fyrirframgreiðslu AGS-láns sem nam um 51 ma.kr. og greiðslu 200 milljóna Bandaríkjadala vegna láns ríkissjóðs sem nam um 22 ma.kr.

Helstu breytingar til aukningar á forða á tímabilinu voru skuldaþrífautgáfa ríkisins í evrum sem nam 116 ma.kr. og gjaldeyriskaup á millibankamarkaði sem juku forðann um 111 ma.kr.

Á árinu 2014 hélt Seðlabankinn fjögur útboð sem lið í fyrri áfanga áætlunar um losun fjármagnshaftra frá 25. mars 2011. Hrein áhrif útboðanna höfðu óveruleg áhrif á stærð forðans en áhrifin voru til aukningar um 0,2 ma.kr á árinu.


Varðveisla gjaldeyrisforða

Um gjaldeyrisforða gilda starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisforða sem seðlabankastjóri setur og bankaráð staðfestir. Í reglunum eru sett ytri mörk ásættanlegrar fjárhagslegrar áhættu bankans vegna gjald-

Mynd IV-1

Gjaldeyrisforði

Janúar 2007 - desember 2014




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-2

Greiðsluáætlun erlendra skulda ríkissjóðs og SÍ

Staða í lok desember 2014




Heimild: Seðlabanki Íslands.

1. M.v. meðaltal fimm ára mánaðarlegs innflutnings vöru og þjónustu.

Mynd IV-3


Helstu hreyfingar 2014



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-4


Gjaldmiðlaskipting gjaldeyrisjafnaðar



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-5

Eignaskipting gjaldeyrisforða



Heimild: Seðlabanki Íslands.

eyrisforða.² Í þeim er einnig kveðið á um ábyrgð og verkaskiptingu um varðveislur gjaldeyrisforðans og tilgreindar þær meginreglur sem gilda um mat fjárhagslegrar áhættu, mælingu, greiningu og stýringu hennar. Fjárfestingarnefnd Seðlabankans markar meginstefnu um stýringu gjaldeyrisforðans með setningu fjárfestingarstefnu innan ramma starfsreglna gjaldeyrisforðans.

Stærð forðans og kröfur um hversu mikill hluti hans skuli laus til ráðstöfunar á hverjum tíma setja stýringu gjaldeyrisforðans skorður. Brynt er að eignir í gjaldeyrisforða séu traustar og nægilega seljanlegar til að Seðlabankinn geti beitt þeim til að ná markmiðum sínum og sinna hlutverki sínu. Það kann að draga úr möguleikum bankans til að sækjast eftir bestu ávöxtun á hverjum tíma. Stýring gjaldeyrisforða miðar að því að lágmarka áhættuleiðréttan kostnað Seðlabankans af forðahaldi og stuðla að skilvirkri og hagkvæmri stýringu á efnahagsreikningi bankans.

Gjaldmiðlaskiptingu forða er hagað þannig að eignir skulu vera í sömu gjaldmiðlum og sömu fjárhæðum og skuldbindingar bankans í erlendum gjaldmiðlum eftir því sem frekast er kostur. Gjaldyrisjöfnuði³ er svo haldið í ákveðnum gjaldmiðlum innan þeirra marka sem gefin eru í fjárfestingarstefnu vegna gjaldeyrisforðans. Bankinn notar meðal annars afleiður við stýringu gjaldeyrisjafnaðar. Á mynd 4 má sjá gjaldmiðlaskiptingu gjaldeyrisjafnaðar í lok árs 2014 borið saman við skiptinguna í lok árs 2013.

Leitast hefur verið við að tryggja öryggi við stýringu og ávöxtun gjaldeyrisforðans. Að langmestu leyti ávaxtar Seðlabankinn gjaldeyrisforðann í erlendum verðbréfum og varðveitir lausafé hjá erlendum seðlabönkum og Alþjóðagreiðslubankanum. Í lok árs 2014 voru um 90,7% eigna í erlendum verðbréfum en hlutfallið jókst um 2% á árinu. Mestur hluti erlends verðbréfasafns Seðlabankans er í Bandaríkjadöllum og evrum. Á mynd IV-8 má sjá þróun vaxtamunar 10 ára þýskra og bandarískra ríkisskuldabréfa frá árinu 2011.

Samkvæmt starfsreglum um gjaldeyrisforða teljast mjög seljanlegar eignir ríkisskuldabréf í eigin gjaldmiðli ríkis í Bandaríkjadöllum, evrum og sterlingspundum, innstæður hjá seðlabönkum þessara landa eða Alþjóðagreiðslubankanum. Útgefandi evruskuldabréfa þarf að minnsta kosti að hafa lánshæfiseinkunnina AA til að flokkast undir mjög seljanlegar eignir. Mjög seljanlegar eignir voru 43% af gjaldeyrisforða Seðlabankans í lok árs 2014. Í töflu IV-1 má sjá stöðu skuldabréfa í hverjum gjaldmiðli í lok árs 2014, ásamt ávöxtun skuldabréfa í hverjum gjaldmiðli 2014.


Á myndum IV-5, 6 og 7 má sjá eignaskiptingu gjaldeyrisforðans í lok árs 2014 borna saman við eignaskiptinguna í lok árs 2013, landfræðilega dreifingu og lánshæfismat verðbréfa í forða.

- Nánar er fjallað um stýringu fjárhagslegrar áhættu bankans í skýringum með samstæðu-reikningi.
- Gjaldyrisjöfnuður er hrein gjaldyriseign bankans, þ.e. eignir að frádregnum skuldum í erlendum gjaldmiðlum.

Tafla IV-1 Ávöxtun skuldabréfa í gjaldeyrisforða árið 2014


	GBP	USD	EUR	PLN
Staða skuldabréfasafns í lok des. (m. USD)	104	2.127	1.498	64
Skipting skuldabréfasafns í %	2,5	56	40	1,5
Ávöxtun skuldabréfa, %	1,4	1,4	2,9	10,2
þar af vaxtaferill, %	0,06	0,03	2,15	7,11
þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbr. og afgangsstærð, %	0,70	0,96	0,57	1,14
þar af vaxtatekjur, %	0,65	0,43	0,16	1,90
Ávöxtun umfram viðmið, %	0,8	-2,8	1,8	-
þar af vaxtaferill, %	0,12	-1,97	1,25	-
þar af vaxtaálag, vaxtaálagsbr. og afgangsstærð, %	0,55	-0,38	0,47	-
þar af vaxtatekjur, %	0,10	-0,44	0,08	-
	<i>Skuldabréfasafn</i>	<i>Viðmið</i>	<i>Mismunur</i>	
Ávöxtun skuldabréfasafns SÍ og ávöxtun viðmiðs, %	2,16	2,99	-0,83	

Mynd IV-6

Landfræðileg dreifing gjaldeyrisforða
í lok árs 2014

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-7

Lánshæfismat verðbréfa í gjaldeyrisforða
í lok árs 2014

Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd IV-8

Þróun ávöxtunarkröfu 10 ára þýskra og
bandarískra ríkisskuldabréfa frá 2011

Heimild: Seðlabanki Íslands.



Kerfisáhættunefnd. Á myndinni eru talið frá vinstri: Harpa Jónsdóttir, staðgengill framkvæmdastjóra fjármálastöðugleika Seðlabanka Íslands, ritari nefndarinnar, Jón Þór Sturluson, aðstoðarforstjóri Fjármálaeftirlitsins, Sigríður Benediktsdóttir, framkvæmdastjóri fjármálastöðugleika og sérfræðingur frá Seðlabanka Íslands, Már Guðmundsson, seðlabankastjóri og formaður kerfisáhættunefndar, Unnur Gunnarsdóttir, forstjóri Fjármálaeftirlitsins og varaformaður kerfisáhættunefndar, Arnór Sighvatsson, aðstoðarseðlabankastjóri, Guðmundur Árnason, ráðuneytisstjóri í fjármála- og efnahagsráðuneyti, Björn Rúnar Guðmundsson, sérfræðingur, skipaður af ráðherra án tilnefningar, og Lilja Rut Kristófersdóttir, framkvæmdastjóri greininga hjá Fjármálaeftirlitinu og sérfræðingur frá FME.

V Lánamál ríkissjóðs

Samningur um lánamál ríkissjóðs

Seðlabanki Íslands sér um erlendar lántökur ríkissjóðs ásamt framkvæmd innlendra útboða, uppkaupa og innlausnar ríkisverðbréfa, gerð aðalmiðlarasamninga og umsjón með verðbréfalánnum til aðalmiðlara samkvæmt sérstökum samningi við fjármála- og efnahagsráðuneytið frá 18. október 2010. Bankinn annast áhættu- og lánsfjárfestingu eftir viðmiðum sem ráðuneytið setur um stýringu á lánasafni ríkissjóðs og sinnir upplýsingagjöf um lánamál ríkissjóðs til markaðsaðila og ráðuneytisins. Í samningnum er kveðið svo á að bankinn annast samskipti og miðlun upplýsinga um íslensk efnahagsmál til erlendra matsfyrirtækja og lánastofnana og sinni verkum er snúa að ríkisábyrgðum og endurlánum, t.d. umsýslu ríkisábyrgða og mati á áhættu ríkissjóðs vegna þeirra. Hann veitir ráðuneytinu umsagnir vegna ríkisábyrgða, sér um afgreiðslu ábyrgða samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins og innheimtir áhættugjald vegna þeirra. Þá sér bankinn um útgáfu skuldbréfa vegna endurlána ríkissjóðs.

Innlend lánamál


Í lok desember 2013 birti Seðlabankinn fyrir hönd ríkissjóðs útgáfuáætlun í lánamálum fyrir árið 2014. Samkvæmt henni var stefnt að því að gefa út ríkisbréf fyrir samtals 50 ma.kr. að söluvirði á árinu til að mæta lánnum sem féllu í gjalddaga. Á árinu 2014 kom til innlausnar ríkisbréfaflokkurinn RIKB 14 0314 að fjárhæð 25 ma.kr. að nafnvirði. Hrein útgáfa ríkisbréfa, að teknu tilliti til annarra gjaldfallinna bréfa, var áætluð 25 ma.kr. Enn fremur var stefnt að því að staða ríkisvixla yrði 30 ma.kr. í árslok.

Í ársáætluninni var tilkynnt um útgáfu á nýjum óverðtryggðum flokki ríkisbréfa með gjalddaga árið 2020 sem byggður verður upp sem fimm ára markflokkur og síðar sem tveggja ára flokkur. Einnig var tilkynnt að flokkurinn RIKB 16 1013 myndi taka við af RIKB 15 0408 sem nýr tveggja ára flokkur.

Segja má að útgáfa ríkisbréfa hafi gengið vel á árinu þar sem hún nam 55 ma.kr. að söluvirði. Þar af voru 50 ma.kr. í almennum útboðum og 5 ma.kr. í tengslum við gjaldeyrisútboð Seðlabanka Íslands en áfram var haldið að gefa út verðtryggða flokkinn RIKS 33 0321 í tengslum við losun fjármagnshafta. Sala ríkisvixla var þó minni en stefnt var að eða 25 ma.kr. Rétt er þó að hafa í huga að í ársfjórðungsáætlunum á árinu var tilkynnt að útgáfa ríkisbréfa og ríkisvixla tæki mið af sölu í gjaldeyrisútboðum Seðlabankans. Þegar 5 ma.kr. sala í gjaldeyrisútboðum er dregin frá 30 ma.kr. má segja að útgáfuáform samkvæmt ársáætlun fyrir 2014 hafi gengið eftir.


Á haustþingi Alþingis 2014 voru samþykktar breytingar á lögum um Seðlabanka Íslands sem heimiluðu lækkan á stofnfé ríkissjóðs í bankanum um 26 ma.kr. Á grundvelli mats á eiginfjárförf Seðlabankans var þessi heimild nýtt að fullu með þeim hætti að skuldabréfið sem ríkissjóður gaf út til að styrkja eigið fé bankans árið 2008 var lækkað úr 171 ma.kr. í 145 ma.kr. Einnig var skilmálum skuldabréfsins

Mynd V-1
Skipting lánasafns ríkissjóðs
Í lok árs 2014




Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-2
Eigendur ríkisbréfa
Í lok árs 2014



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Mynd V-3
Endurgreiðsluferill lána ríkissjóðs



Heimild: Seðlabanki Íslands.

breytt. Skuldabréfið endurgreiðist með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 29 árum. Vextir af skuldabréfinu eru óverðtryggðir og jafngilda þeir innlánsvöxtum á viðskiptareikningum Seðlabankans eins og þeir eru á hverjum tíma. Í skilmálum bréfsins er síðan heimild til að greiða hraðar inn á lánið.

Stefna í lánamálum ríkisins 2014-2017 var birt af fjármála- og efnahagsráðuneytinu um mitt árið. Meginmarkmið stefnunnar er að tryggja að lánsfjárförf og fjárhagslegum skuldbindingum ríkissjóðs verði mætt með lágmarkskostnaði að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Þá skal stuðla að frekari uppbyggingu á skilvirkum frum- og eftirmarkaði með innlend ríkisverðbréf.

Erlend lánamál

Erlendar skuldir ríkissjóðs voru 415 ma.kr. í árslok 2014. Þeim má skipta í tvíhliða lán og markaðslán.

Markaðslánin eru sex talsins eftir að Ríkissjóður Íslands gaf út skuldabréf að fjárhæð 750 milljónir evra í júlí sl. og var þetta fyrsta skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs í Evrópu frá 2006. Skuldabréfið ber 2,5% fasta vexti, er gefið út til 6 ára á ávöxtunarkröfunni 2,56% og er með gjalddaga 15. júlí 2020. Ríkissjóður Íslands og Seðlabanki Íslands notuðu andvirði útgáfunnar til að endurgreiða fyrirfram tvíhliða lán frá Norðurlöndunum sem veitt voru í tengslum við efnahagsáætlun stjórnvalda og AGS árið 2008. Endurgreiðslan nam 735 milljónum evra á lánum sem voru upphaflega á gjalddaga á árunum 2019, 2020 og 2021 og er nú að fullu búíð að endurgreiða lán frá Norðurlöndunum.

Útgáfan og endurgreiðsla lánanna hafði þau áhrif á heildarskuldir ríkissjóðs að þær hækka þar sem lán frá Seðlabanka Noregs, eftirstöðvar 199 milljónir evra, var greitt upp en það var bókfært hjá Seðlabanka Íslands.

Í tengslum við útgáfu ríkissjóðs á 750 milljóna evra skuldabréfi gerði Seðlabanki Íslands fyrir hönd ríkissjóðs vaxtaskiptasamning að fjárhæð 250 milljónir evra með það að markmiði að minnka vaxtakostnað ríkissjóðs og draga úr vaxtaáhættu. Ríkissjóður greiðir á hálfis árs fresti 6 mánaða EURIBOR-vexti en fær greidda árlega 0,791% fasta vexti. Samningurinn er til jafn langs tíma og skuldabréfið eða til 15. júlí 2020. Samningurinn samræmist markmiðum í skuldastýringu ríkissjóðs sem m.a. er að lágmarka vaxtakostnað til lengri tíma að teknu tilliti til varfærinnar áhættustefnu. Auk þess styrkir gerð samningsins enn frekar aðgengi innlendra aðila að erlendum mörkuðum og sýnir að traust á íslenskt efnahagslíf er að aukast.

Erlent lán að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala var á gjalddaga hjá ríkissjóði árið 2014. Lánið var upphaflega tekið árið 2004.

Tafla V-1 Heildarskuldir ríkissjóðs í árslok 2014

M.kr.	Nafnverð m/áfallnum verðbótum
Óverðtryggðar skuldir	815.070
Verðtryggðar skuldir	256.722
Erlendar skuldir	415.421
Samtals	1.487.213

Samningur um skuldabréfaútgáfu á evrumarkaði (EMTN-samningur) og útgáfa í Bandaríkjunum

Rammasamningur um skuldabréfaútgáfu á evrumarkaði, svokallaður EMTN-samningur (e. Euro Medium Term Note Program), var fyrst undirritaður á árinu 2001. Samningurinn var síðast endurnýjaður sumarið 2014 og nemur hámarksfjárhæð hans nú fimm milljörðum Bandaríkjadala. Nú eru útstandandi þrjár skuldabréfaútgáfur á grundvelli samningsins, samtals að fjárhæð um 2,1 milljarður dala eða um 274 ma.kr.

Ríkisábyrgðir og endurlán

Ríkissjóður má ekki takast á hendur ríkisábyrgð nema heimild sé veitt til þess í lögum, samanber lög nr. 121/1997. Vegna áhættu ríkissjóðs skulu teknar fullnægjandi tryggingar að mati Ríkisábyrgðasjóðs en hann hefur umsjón með veittum ríkisábyrgðum og skal einnig fylgjast með rekstri þeirra aðila sem fengið hafa ríkisábyrgð og halda skrá yfir skuldbindingar sem ábyrgðin hvílir á. Stærstur hluti ríkisábyrgða er til kominn vegna eignaraðildar ríkissjóðs að Íbúðalánasjóði og Landsvirkjun. Aðilum sem njóta ríkisábyrgðar vegna eignaraðildar ríkissjóðs er skylt að fá samþykki Seðlabanka Íslands á lánskjörum og skilmálum lána sem þeir hyggjast taka erlendis. Ríkisábyrgðir í árslok 2014 námu 1.213 ma.kr. en voru 1.264 ma.kr. í árslok 2013.

Alþjóðlegt mat á láns hæfi ríkissjóðs

Helstu matsfyrirtækin sem meta láns hæfi Ríkissjóðs Íslands eru Moody's Investors Service, Fitch Ratings og Standard & Poor's. Seðlabanki Íslands annast regluleg samskipti við fyrirtækin fyrir hönd ríkissjóðs. Láns hæfismat getur haft mikil áhrif á lánskjör á alþjóðlegum lánamarkaði og verið vísbending um þau vaxtakjör sem lántakandi mun njóta. Allar láns hæfiseinkunnir ríkissjóðs teljast til fjárfestingarflokks.


Láns hæfiseinkunn Moody's fyrir erlendar og innlendar langtímaskuldbindingar ríkissjóðs voru í árslok 2014 Baa3 og P-3 fyrir skammtímaskuldbindingar. Horfur voru stöðugar í árslok og hafa verið það síðan í febrúar 2013. Styrkleiki þjóðarbúsins, stjórnfesta, auðlindir og mannaúður styðja við matið en óvissa varðandi afnám fjármagnshafna og miklar skuldir koma í veg fyrir frekari hækkun.

Láns hæfiseinkunnir Standard & Poor's fyrir erlendar og innlendar langtíma- og skammtímaskuldbindingar ríkissjóðs voru BBB- og A-3. Horfum var breytt úr neikvæðum í stöðugar í janúar og úr stöðugum í jákvæðar í júlí 2014. Ástæðuna sagði matsfyrirtækið vera kröftugan hagvöxt og batnandi stöðu opinberra fjármála. Áhætta sem fólgin er í afnámi fjármagnshafna og staða erlendra skulda þjóðarbúsins hamla gegn frekari hækkun á matinu.

Láns hæfiseinkunn Fitch fyrir langtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum var óbreytt BBB. Láns hæfiseinkunnin fyrir skammtímaskuldbindingar í erlendum gjaldmiðlum var einnig óbreytt F3 og láns hæfiseinkunn fyrir langtímaskuldbindingar í innlendum gjaldmiðlum óbreytt BBB+. Horfur voru stöðugar. Matsfyrirtækið rökstuddi álit sitt með miklum tekjum á mann, kröftugum hagvexti 2013 og samstöðu í stjórnáttum um það langtíamarkmið að draga úr skuldum hins

Mynd V-4


Skuldir ríkissjóðs og ríkisábyrgðir 2006-2014



Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

Mynd V-5

Þróun skulda ríkissjóðs 2008-2014



Heimild: Seðlabanki Íslands.

opinbera. Eftirmál fjármálaáfallsins eru hins vegar enn nokkur og fjármagnshöftin og óvissa varðandi afnám þeirra halda aftur af frekari hækkun á matinu.



VI Alþjóðleg samskipti

Seðlabanki Íslands annast samskipti og viðskipti við alþjóðlegar stofnanir á starfssviði sínu eða eftir því sem honum er falið með lögum.

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

Seðlabanki Íslands fer með fjárhagsleg og fagleg tengsl við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (AGS) fyrir hönd íslenska ríkisins. Sendinefnd frá AGS kom til viðræðna við stjórnvöld í maí vegna fjórðu eftirfylgni við efnahagsáætlun íslenskra stjórnvalda og sjóðsins (e. Post-Program Monitoring) og einnig í desember í samræmi við grein IV í stofnsáttmála AGS og fimmtu eftirfylgni við efnahagsáætlunina. Allar skýrslur í tengslum við reglubundið eftirlit Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og eftirfylgni eru birtar á heimasíðum Seðlabanka Íslands og sjóðsins. Íslensk stjórnvöld fengu auk þess tæknilega aðstoð frá AGS á árinu á sviði virðisaukaskatts og varðandi kjarnareglur um skilvirkt bankaeftirlit (e. Basel Core Principle on Effective Banking Supervision).

Íslensk stjórnvöld fengu lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum að fjárhæð 1,4 milljarðar SDR eða að jafnvirði 277 ma.kr. í tengslum við efnahagsáætlunina árið 2008. Auk þess fengu íslensk stjórnvöld lán frá Norðurlöndum, Færeyjum og Póllandi í tengslum við samstarfið við AGS að fjárhæð 1.970 milljónir evra eða að jafnvirði 304 ma.kr. Staða láns frá AGS í árslok 2014 var 236,9 milljónir SDR eða að jafnvirði 43,5 ma.kr. á árslokagengi en lánið er á gjalddaga 2015 og 2016. Norðurlandalánið voru fyrirframgreidd að fullu í júlí 2014 og meirihluti gjalddaga AGS-lánsins á árinu 2015 var greiddur fyrirfram í desember 2014.

Ísland starfar með Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Fulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins á árinu 2014 var Norðmaðurinn Audun Grønn. Skrifstofa kjördæmisins birtir tvisvar á ári samantekt um þau mál efni sem hæst ber í starfi sjóðsins og framkvæmdastjórnarinnar, auk afstöðu kjördæmisins til þeirra.

Vorfundur fjárhagsnefndar sjóðsins var haldinn dagana 11.-13. apríl og ársfundur AGS og haustfundur fjárhagsnefndar sjóðsins 10.-12. október í Washington-borg í Bandaríkjunum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri sat fundina fyrir hönd Seðlabankans en hann er fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins.

Alþjóðagreiðslubankinn í Basel

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel í Sviss (e. Bank for International Settlements). Bankinn er mikilvægur samráðsvettvangur seðlabanka og er upplýsinga- og rannsóknarstofnun á sviði peningamála og fjármálastöðugleika. Auk þess veitir bankinn seðlabönkum ýmiss konar bankaþjónustu. Seðlabankastjóri sækir reglulega fundi seðlabankastjóra sem haldnir eru á vegum Alþjóðagreiðslubankans.

Efnahags- og framfarastofnunin

Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í starfi á vegum Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD). Sérfræðingar OECD koma auk þess reglulega til Íslands til að kynna sér framvindu efnahagsmála og gefa út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

Samstarf við seðlabanka og fjármálaeftirlit

Seðlabanki Íslands á margvíslegt samstarf við aðra seðlabanka, ekki síst á Norðurlöndum. Þá er reglubundið samstarf við Seðlabanka Evrópu og aðra evrópska seðlabanka og hefur það farið vaxandi. Seðlabankastjóri situr reglulega fundi með seðlabankastjórum og yfirmönnum stofnana sem annast fjármálaeftirlit á Norðurlöndum og Eystrasaltsríkjum. Enn fremur tekur Seðlabankinn þátt í samstarfi um fjármálastöðugleika á vegum Financial Stability Board (FSB) en það er helsti samræmingarvettvangur á sviði fjármálastöðugleika í heiminum. Þá sækir fulltrúi bankans fundi EBA (e. European Banking Authority).

Aðrar fjármálastofnanir

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lána- málum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir.



VII Sérstök verkefni

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ)

Seðlabanki Íslands eignaðist umtalsverðar kröfur á innlend fjármála-fyrirtæki í kjölfar bankahrunsins. Þær voru tryggðar með veðum af ýmsum toga. Hluti þessara krafna var færður til ríkissjóðs í árslok 2008 en Seðlabankinn hafði umsjólu með þessum kröfum.

Umræddar eignir voru fluttar í sérstakt félag í eigu Seðlabankans, Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ), í lok árs 2009. Annað félag í eigu Seðlabankans, Sölvhóll ehf. (Sölvhóll), var sameinað ESÍ í upphafi ársins 2013 og tók ESÍ við hlutverki þess. Sölvhóll var rekstrarfélag sem hafði það hlutverk að hámarka virði þeirra eigna sem eru í ESÍ og koma þeim í verð þegar markaðsaðstæður leyfðu. Með þessu skipulagi hefur náðst betri aðgreining á rekstri og eignum sem tengjast bankahruninu og hefðbundinni starfsemi Seðlabankans. ESÍ á eitt dótturfélag, Hildu ehf., sem ESÍ tók yfir á miðju ári 2011.

Í upphafi síðasta árs tók Hilda yfir ákveðna þætti úr starfsemi Dróma hf. Helstu eignir Hildu eru fyrirtækjalán og fasteignir. Starfsemi Hildu er við Lág múla í Reykjavík og eru þar 14 starfsmenn.

Í stjórn ESÍ eru Jón Þ. Sigurgeirsson stjórnarformaður, Ingibjörg Guðbjartsdóttir og Sturla Pálsson meðstjórnendur. Í stjórn Hildu ehf. eru Haukur C. Benediktsson stjórnarformaður og Steinar Þór Guðgeirsson meðstjórnandi.

Í lok árs 2014 nam efnahagur samstæðu ESÍ um 209 ma.kr. og höfðu eignirnar lækkað um ríflega 86 ma.kr. frá því í lok árs 2013 sem að mestu leyti má rekja til sölu eigna og niðurgreiðslu skulda gagnvart Seðlabankanum. Hagnaður samstæðunnar nam um 4,7 ma.kr. eftir skatta.

Gjaldeyriseftirlit


Starfsemi gjaldeyriseftirlits Seðlabanka Íslands er í þremur undirdeildum, þ.e. undanþágudeild, eftirlitsdeild og rannsóknardeild.

Meginverkefni undanþágudeildar á árinu 2014 voru afgreiðsla og ákvarðanatöku vegna umsókna um undanþágur frá lögum um gjaldeyrismál og almennt leiðbeiningar- og upplýsingahlutverk gagnvart einstaklingum og lögaðilum.

Meginverkefni eftirlitsdeildar voru almennt eftirlit með lögum um gjaldeyrismál og frumgreining á meintum brotum í undanfara rannsókna. Af öðrum verkefnum eftirlitsdeildar má nefna afgreiðslu staðfestingarbeiðna, utanumhald og afgreiðslu nýfjárfestingar, eftirlit tengt fjárfestingarleið Seðlabankans, eftirfylgni við skilyrtar undanþágur og aðstoð við greiningu upplýsinga innan annarra deilda gjaldeyriseftirlitsins.

Meginverkefni rannsóknardeildar voru rannsókn meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál. Á árinu 2014 voru 124 ný mál skráð hjá rannsóknardeild vegna meintra brota á lögum og reglum um gjaldeyrismál, af þeim voru 27 tilkynnt frá eftirlitsdeild og 68 frá undanþágudeild. Á árinu 2014 lauk 95 rannsóknarmálum á stjórn-sýslustigi með sátt, stjórnvaldssekt eða niðurfellingu.

Mynd VII-1
Gjaldeyrísútboð Seðlabanka Íslands
Kaup á krónum fyrir evrur



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Á árinu 2014 bárust Seðlabankanum 1044 umsóknir um undanþágu frá lögum nr. 87/1992, um gjaldeyrismál. Á árinu lauk undanþágudeild afgreiðslu á 922 umsóknum, þar af voru 617 samþykktar, 41 samþykkt að hluta, 95 hafnað og 169 lokið með öðrum hætti, þær afturkallaðar eða lokið með leiðbeiningum.

Á árinu 2014 bárust Seðlabankanum 170 tilkynningar um nýfjárfestingu, sbr. 13. gr. m. laga um gjaldeyrismál, og var heildarfjárhæð þeirra 13,9 ma.kr.

Gjaldeyrísútboð


Ríkisverðbréfa- og fjárfestingarleið

Á árinu 2014 var fram haldið gjaldeyrísútboðum samkvæmt fjárfestingarleið þar sem Seðlabankinn kaupir erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir íslenskar krónur til langtímafjárfestingar hér á landi. Jafnframt var fram haldið gjaldeyrísútboðum samkvæmt ríkisverðbréfaleið um kaup á erlendum gjaldeyri í skiptum fyrir ríkisverðbréf. Útboð þessi eru liður í áætlun um losun fjármagnshafta sem kynnt var á árinu 2011. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu tölur um framkvæmd útboðanna:

Tafla VII-1 Kaup á erlendum gjaldeyri

Lykiltölur	Alls 2014	Ríkisverðbréfaleið	Fjárfestingarleið
Fjöldi útboða	10	5	5
Fjöldi tilboða	498	115	383
Heildarfjárhæð tilboða í milljónum evra	204,6	35,0	169,6
Samþykkt tilboð í milljónum evra	145,6	25,6	120,0

Mynd VII-2
Skipting eftir fjárfestingu 2014



Heimild: Seðlabanki Íslands.

Samanlögð fjárfesting á grundvelli fjárfestingarleiðarinnar, í gegnum útboð og beint, nam 240 milljónum evra á liðnu ári sem samsvavar tæplega 42 milljörðum króna. Fjárfestingin nam 2,1% af virði vergrar landsframleiðslu á árinu 2014. Innlendir fjárfestar voru með 34% fjárhæðanna í útboðum í fjárfestingarleið árið 2014 en erlendir 66%. Erlend félög í eigu innlendra aðila eru þá talin sem innlendir fjárfestar.

Kaup á krónum fyrir evrur

Samhliða fyrrgreindum útboðum kallaði Seðlabankinn eftir tilboðum frá aðilum sem vildu selja íslenskar krónur gegn greiðslu í reiðufé í erlendum gjaldeyri. Í meðfylgjandi töflu má sjá helstu tölur varðandi krónukaupaútboðin:

Tafla VII-2 Kaup á krónum

Lykiltölur	2014
Fjöldi útboða	5
Fjöldi tilboða	116
Heildarfjárhæð tilboða í ma.kr.	58,9
Samþykkt tilboð í ma.kr.	28,1

Menningarstyrkur sem tengdur er nafni Jóhannesar Nordals

Þriðja úthlutun menningarstyrks sem er tengdur nafni Jóhannesar Nordals, fyrrverandi seðlabankastjóra, fór fram 15. maí 2014. Alls bárust 27 umsóknir um styrkinn en styrkþegar á árinu 2014 voru Árni Kristjánsson og Helga Rut Guðmundsdóttir sem hlutu hvort um sig styrk að fjárhæð ein milljón króna.

Árni Kristjánsson hlaut styrk til að skrifa leikhandritið *Völvur* fyrir atvinnuleikhóp en verkið er byggt á Völuspá og aðlagð fyrir yngri kynslóð. Verkið á að vera farandverk en ætlunin er að ferðast með það á milli skóla og leikhúsa til að kynna ungu kynslóðinni kvæðið.

Verkefni Helgu Rutar Guðmundsdóttur, *Vísagull – Vísur og þulur fyrir börn í fangi*, er myndskreytt bók með samantekt á íslenskum þjóðarafi og barnamenningu úr munnlegri geymd.





VIII Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið

Afkoma og efnahagur Seðlabanka Íslands

Samkvæmt rekstrarreikningi var hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands á árinu 2014 að fjárhæð 11.220 m.kr. en til samanburðar var tap árið á undan 8.293 m.kr. Að gengismun og tekjuskatti undanskildum var 7.742 m.kr. hagnaður af rekstri Seðlabankans á árinu 2014 samanborið við 15.895 m.kr. hagnað á árinu 2013. Seðlabanki Íslands er undanþeginn tekjuskatti en félög í eigu hans greiða tekjuskatt. Hér til hliðar er tafla sem sýnir breytingu á helstu flokkum rekstrarreiknings bankans. Gengishagnaður á árinu nam alls 6.185 m.kr. sem rekja má til styrkingar Bandaríkjadals á árinu samanborið við gengistap upp á 12.250 m.kr. árið á undan.

Jákvæð breyting varð á afkomu bankans um 19.512 m.kr. miðað við 2013. Hreinar vaxtatekjur lækkuðu um 9.015 m.kr. milli ára. Þessa breytingu má að mestu leyti rekja til höfuðstólslækkana skuldabréfa sem og uppgreiðslna lána. Aðrar rekstrartekjur bankans lækkuðu um 6.898 m.kr. Þessa miklu breytingu má rekja til verðendurmats innlendra skuldabréfa í eigu ESÍ árið 2013. Verðendurmat erlendra verðbréfa nam 2.747 m.kr. á árinu 2014 og markaðsverð á gulleign bankans lækkaði um 120 m.kr. Virðisrýrnun krafna nam 258 m.kr. samanborið við 8.036 m.kr. árið áður. Þjónustugjöld hækkuðu um 204 m.kr. milli ára. Rekstrargjöld bankans lækkuðu um 7.761 m.kr. milli ára, að mestu leyti vegna minni virðisrýrnunar krafna. Laun og launatengd gjöld jukust milli ára sem skýrist einkum af kjarasamningsbundnum hækkunum og auknum starfsmannafjölda. Eignir bankans námu alls 953.598 m.kr. í árslok 2014 en voru til samanburðar 1.002.185 m.kr. í lok ársins 2013. Erlendar eignir minnkuðu á árinu um 41 ma.kr. sem má rekja til uppgreiðslu á láni við Seðlabanka Noregs og hraðari endurgreiðslu lána við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Eigið fé bankans var 75.026 m.kr. í árslok 2014 og eiginfjárlutfall bankans 7,9%.

Í árslok 2014 námu erlendar eignir bankans um 55% af heildareignum. Í lok ársins á undan námu erlendar eignir bankans 48% af heildareignum. Ársreikningur bankans er birtur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum.

Breytingar í eiginfjárliðum í lok árs 2014

Í upphafi árs 2015 gerðu Seðlabanki Íslands og ríkissjóður með sér samkomulag um innkallanlegt eigið fé Seðlabankans, með stoð í 3. mgr. 34. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, með síðari breytingum, og var miðað við að breytingarnar hefðu áhrif frá og með 31. desember 2014. Með samkomulaginu skuldbindur ríkissjóður sig, á grundvelli heimildar í fjárlögum, til að leggja Seðlabankanum til 52 ma.kr. eigið fé í formi markaðshæfra eigna, ef bankinn kallar eftir því, í þeim tilgangi að uppfylla lágmarkskröfur um innborgað eigið fé. Ef mat Seðlabanka Íslands á fjárhagslegri stöðu leiðir í ljós að skilyrði innköllunar eru fyrir hendi er bankanum heimilt að innkalla eigið fé hvenær sem er innan almanaksársins. Innköllunin skal sett fram

Tafla VIII-1 Helstu liðir rekstrarreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2014	2013	Breyting
Afkoma ársins	11.220	-8.293	19.512
Breyting greinist þannig:			
Hreinar vaxtatekjur	6.220	15.236	-9.016
Aðrar tekjur/gjöld	5.564	12.462	-6.898
Rekstrargjöld	-3.784	-3.766	-18
Afskriftir útlána	-258	-8.037	7.779
Framlag í ríkissjóð	0	-6.517	6.517
Gengismunur	6.185	-12.250	18.435
Tekjuskattur	-2.708	-5.421	2.713

Tafla VIII-2 Helstu liðir efnahagsreiknings

(Tölur í milljónum kr.)	2014	2013	Breyting
Eigið fé:	75.027	89.807	-14.780
Breyting greinist þannig:			
Eignir:			
Gulleign	9.598	8.817	781
Erlendar eignir	518.020	476.544	41.476
Gjaldeyriss. við AGS	3.447	3.326	121
Innlendar fjáreignir	401.763	473.368	-71.605
Varanl. rekstrarfjárm.	4.745	4.852	-107
Aðrar eignir	16.025	35.278	-19.253
Skuldir:			
Seðlar og mynt	49.955	47.016	2.940
Erlendar skuldir	45.678	123.016	-77.338
Mótvirði við AGS	20.621	19.898	723
Innstæður fjármálast.	69.016	77.168	-8.152
Aðrar innstæður	578.337	473.766	104.572
Innlendar fjárskuldir	113.198	141.078	-27.881
Aðrar skuldir	1.765	23.919	-22.154
Ógr. framlag til ríkissj.	0	6.517	-6.517
Eigið fé bankans	75.027	89.807	-14.780

skriflega og skal ríkissjóður hafa 14 virka daga til að verða við henni. Fjárhæð hins innkallanlega eiginfjár tekur breytingum í samræmi við þróun neysluverðsvisitölu.

Samhliða því að Seðlabankanum voru lagðir til 52 ma.kr. af innkallanlegu eiginfé gerðu bankinn og ríkissjóður samkomulag um breytingar á skilmálum skuldabréfs þess sem ríkissjóður gaf út í upphafi árs 2009 í tengslum við yfirtökur ríkissjóðs á hluta veðlána og daglána Seðlabanka Íslands. Í samræmi við heimild 4. gr. laga nr. 122/2014, um breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, var stofnfé Seðlabankans lækkað um 26 ma.kr. og var stofnfjárlækkuninni ráðstafað til lækkunar á höfuðstól skuldabréfsins. Eftir lækkunina stendur höfuðstóll skuldabréfsins í um 145 ma.kr. miðað við 31. desember 2014. Skuldabréfið endurgreiðist með þeim hætti að árlega greiðast 5 ma.kr. af höfuðstól bréfsins á hverjum gjalddaga. Þá kveður samkomulagið á um að verði hagnaði Seðlabankans ráðstafað til ríkissjóðs muni ríkissjóður samtímis greiða þá fjárhæð inn á höfuðstól skuldabréfsins og dregst sú greiðsla frá árlegri afborgun samkvæmt skilmálum bréfsins.

Ráðstöfun hagnaðar ársins 2014

Ráðstöfun hagnaðar Seðlabanka Íslands ákvarðast árlega með aðferðafræði sem innleidd var í lög um bankann með lögum nr. 122/2014. Skiptist sú aðferðafræði annars vegar í greiningu á virðisendurmati og hins vegar mat Seðlabankans á þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir.

Á grundvelli þeirrar aðferðafræði er jákvæðu virðisendurmati ráðstafað inn á varasjóð, sérstakan reikning meðal eiginfjárliða sem tekur til óinnleysta tekna og gjalda. Neikvætt virðisendurmat er tekið af varasjóðum eins og hægt er en að öðrum kosti er neikvætt virðisendurmat fært á móti innleystum hagnaði. Standi varasjóður eða innleystur hagnaður ekki undir neikvæðu virðisendurmati að fullu er afgangurinn tekinn af eiginfjárreikningnum „annað eigið fé“. Þessi aðferðafræði veldur því að hagnaður, sem ráðstafað er í ríkissjóð, verður jafnari.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands skal bankinn búa yfir fjárhagslegum styrk sem geri honum kleift að rækja lögbundið hlutverk sitt. Til þess að tryggja þetta markmið er hagnaði bankans, eftir að gerðar hafa verið færslur á varasjóð, ráðstafað til ríkissjóðs svo fremi sem honum er ekki ráðstafað til að efla eigið fé bankans. Í því skyni ákveður Seðlabankinn á hverju ári eiginfjármarkmið fyrir bankann sem endurspeglar þörf hans fyrir eigið fé og vaxtaberandi eignir. Eiginfjármarkmiðið tekur mið af rekstrarkostnaði bankans og þeirri áhættu og óvissu sem bankinn stendur frammi fyrir á hverjum tíma.

Árið 2015 hefur Seðlabanki Íslands ákveðið að bankinn uppfylli eiginfjármarkmið sitt og hefur bankaráð Seðlabanka Íslands staðfest þá ákvörðun. Eiginfjármarkmið bankans var ákveðið 70 ma.kr. Við ákvörðun bankans var framkvæmd þriggja ára greining á rekstri bankans, á áhættu sem til staðar er á efnahagsreikningi hans og sviðsmyndagreining. Í ljósi stærðar efnahagsreiknings Seðlabankans, stöðu á alþjóðlegum mörkuðum og þeirra verkefna sem framundan eru í rekstri bankans, er ljóst að eiginfjármarkmiðið er næmt fyrir framvindu

ýmissa þátta. Komið getur til þess að Seðlabankinn ráðstafi hagnaði til eflingar á eigin fé eða innkalli nýtt stofnfé verði þróunin á þann veg að bankinn telji sig ekki búa yfir nægum fjárhagslegum styrk til að rækja lögbundið hlutverk sitt.

Miðað við ofangreint hefur verið ákveðið, sbr. 2. mgr. 34. gr. laga um Seðlabanka Íslands, að ráðstafa hagnaði bankans vegna fjárhagsársins 2014, 11,2 ma.kr., með eftirfarandi hætti:

- Fjárhæð sem jafngildir óinnleystum tekjum, 9.314 m.kr., er ráðstafað í varasjóð.
- Hagnaður bankans umfram ráðstöfun í varasjóð nemur 1.905 m.kr. Þeirri fjárhæð er ráðstafað til ríkissjóðs og er til greiðslu 30. apríl 2015.

Bankaráð Seðlabanka Íslands

Í lögum um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, segir að í bankaráði Seðlabanka Íslands, sem kosið er af Alþingi að loknum hverjum Alþingiskosningum, skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráð var kjörið á Alþingi 5. júlí 2013 og var þannig skipað í upphafi árs að formaður var Ólöf Nordal en aðrir aðalfulltrúar voru Jón Helgi Egilsson, Ingibjörg Ingvadóttir, Ragnar Árnason, Ágúst Ólafur Ágústsson, Björn Valur Gíslason og Auður Hermannsdóttir. Ólöf Nordal sagði sig úr bankaráði 8. desember 2014 en hún hafði þá verið skipuð innanríkisráðherra og tók þá Jón Helgi Egilsson varaformaður við hlutverki formanns og Ingvi Hrafn Óskarsson tók sæti í bankaráðinu.

Seðlabankastjóri og aðstoðarseðlabankastjóri

Á árinu gegndi Már Guðmundsson embætti seðlabankastjóra en hann var skipaður í annað sinn til fimm ára frá og með 20. ágúst 2014. Arnór Sighvatsson gegndi embætti aðstoðarseðlabankastjóra en hann var endurskipaður til fimm ára frá og með 1. júlí 2013.

Skipulag bankans

Starfsemi bankans skiptist í sex vinnsluvið og þrjú stoðsvið, auk skrifstofu alþjóðasamskipta og seðlabankastjóra. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjóra, hefur umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu og heimasíðu. Skrifstofa alþjóðasamskipta og bankastjóra annast einnig regluleg samskipti við erlendar fjármálastofnanir önnur en fjármálaviðskipti, annast samskipti við alþjóðleg matsfyrirtæki, Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og aðrar innlendar og erlendar stofnanir.

Hagfræði og peningastefna annast rannsóknir á sviði efnahags- og peningamála, gerir verðbólgu- og þjóðhagsspár, tekur þátt í mótun stefnu í gengis- og peningamálum, greinir þróun innlendra og erlendra efnahags- og peningamála, þ.m.t. þjóðhagslega þætti fjármálastöðugleika, og hefur umsjón með útgáfu ýmissa rita bankans, þ.e. *Peningamála*, *Hagvísu*, *Working Papers*, *Efnahagsmála* og *Economy of Iceland*. Hagfræði og peningastefna skiptist í tvær einingar, annars vegar greiningar- og útgáfudeild og hins vegar rannsóknar- og spádeild.

Markaðsviðskipti og fjárstýring hefur umsjón með innlendum peninga- og gjaldeyrismarkaði og annast viðskipti við innlendar fjármálastofnanir. Sviðið sér um stýringu á efnahagsreikningi bankans, vörslu og ávöxtun gjaldeyrisforða ásamt umsjón með lánamálum ríkissjóðs, Ríkisábyrgðasjóði og endurlánum ríkissjóðs. Sviðið sér einnig um þau samskipti við erlendar fjármálastofnanir sem snúa að viðskiptum Seðlabankans og ríkissjóðs.

Verkefni gjaldeyriseftirlits er að fylgjast með að lögum og reglum um gjaldeyrisfyrirlit sé framfylgt. Enn fremur tekur eftirlitið þátt í endurskoðun reglna, birtingu leiðbeininga og túlkun þeirra. Gjaldyriseftirlit sér einnig um afgreiðslu beiðna um undanþágur frá lögum um gjaldeyrisfyrirlit. Þá hefur gjaldeyriseftirlitið einnig heimild til að hefja rannsókn vegna ætlaðra brota á lögum. Seðlabankinn getur lokið málum sem varða minni háttar brot á stjórnvöldslustigi með álagningu stjórnvaldssekta eða með sátt. Meiri háttar brot gegn lögum ber Seðlabankanum að kæra til lögreglu.

Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla annast öflun, skráningu og úrvinnslu tölfræðilegra gagna sem Seðlabankinn safnar vegna starfsemi sinnar og vegna opinberrar hagskýrslugerðar. Bankinn safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans. Seðlabankinn birtir tölulegar upplýsingar sínar í Hagtölum Seðlabankans á heimasíðu sinni. Upplýsingasvið skiptist í þrjár einingar, þ.e. fjármálafyrirtæki, greiðslujöfnuð og fjármálamarkaði.

Fjármálastöðugleiki annast greiningu á áhættu í fjármálakerfinu og tekur þátt í mótun varúðarreglna fyrir fjármálakerfið. Jafnframt hefur sviðið lagt aukna áherslu á greiningu á stöðu heimila og fyrirtækja. Sviðið hefur umsjón með útgáfu bankans á skýrslunni *Fjármálastöðugleiki*.

Fjármálainnviðir hafa með höndum yfirsýn og eftirlit með kerfislega þýðingarmiklum fjármálainnviðum og stuðla að öryggi og skilvirkni þeirra. Þá annast sviðið útgáfu og umsýslu seðla og myntar og rekstur fjárhirslna. Sviðið hefur jafnframt umsjón með útgáfu ritsins *Fjármálainnviðir*. Auk þess heyrir undir sviðið félag í eigu Seðlabankans, Greiðsluveitan ehf., sem annast rekstur fjármálainnviða í eigu Seðlabankans. Fjórir starfsmenn bankans sátu í stjórn félagsins á árinu 2014, þ.e. Guðmundur Kr. Tómasson sem var formaður, Tómas Örn Kristinsson, Gerður Ísberg og Páll Kolka Ísberg. Auk þeirra sat Hlín Hákonardóttir í stjórn sem óháður stjórnarmaður.

Stoðsviðin þrjú eru rekstur og starfsmannamál, fjárhagur og lögfræðiráðgjöf.

Rekstur og starfsmannamál skiptist í sex þjónustueiningar, þ.e. eignaumsjón og þjónusta, innri upplýsingaþjónusta, matar- og veitingaþjónusta, rekstrar- og skrifstofuþjónusta, starfsmannaþjónusta og upplýsingatækniþjónusta. Skilgreind markmið sviðsins eru að skapa umhverfi og aðbúnað sem gerir Seðlabankanum kleift að uppfylla hlutverk sitt sem best á hverjum tíma, að gæta hagsýni í hvívetna við notkun á þeim fjármunum sem ætlaðir eru til rekstrar bankans með

tilliti til starfsfólks, starfsemi og orðstírs og að framfylgja starfsmanna- og fræðslustefnu bankans hverju sinni eins vel og unnt er.

Fjárhagur hefur umsjón með fjárhagsupplýsingum bankans og félaga í hans eigu ásamt því að sjá um bókhald sjóðs þjóðhátíðargjafar Norðmanna og Grænlandssjóðs sem eru í vörslu bankans. Sviðið sér um umsýslu erlendra og innlendra lána ríkissjóðs og Seðlabankans. Þá annast sviðið erlenda greiðslumiðlun með SWIFT-kerfi bankans og hefur umsjón með innlendum og erlendum greiðslum fyrir bankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sér sviðið um vörslu verðbréfa og uppgjör verðbréfavíðskipta. Starfsemi sviðsins skiptist í tvær deildir, reikningshald og bakvinnslu.

Lögfræðiráðgjöf veitir bankastjóra, sviðum og deildum bankans lögfræðiráðgjöf um málefni sem snerta hlutverk bankans og starfsemi hans. Ráðgjöfin tekur þátt í undirbúningi laga og reglna og gerð lögfræðilíta, annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans, frágang löggerninga og lánasamninga.

Innri endurskoðandi starfar samkvæmt ákvæðum c-liðar 28. greinar laga um Seðlabanka Íslands, nr. 36/2001, undir umsjón bankaráðs og er ábyrgur gagnvart því. Innri endurskoðun er starfsemi sem veitir óháða og hlutlæga staðfestingu og ráðgjöf sem ætlað er að vera virðisaukandi og bæta rekstur Seðlabanka Íslands og félaga í hans eigu. Innri endurskoðun leggur mat á virkni áhættustýringar og stjórnarháttá með kerfisbundnum vinnubrögðum og styður þannig bankann í að ná markmiðum sínum.

Starfsmannamál

Í upphafi árs 2014 voru 168 starfsmenn í starfsliði bankans, auk seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra, og 9 starfsmenn í hlutastarfi við ræstingu, samtals 179 starfsmenn. Í lok árs 2014 voru starfsmenn 169, auk seðlabankastjóra og aðstoðarseðlabankastjóra, og 6 starfsmenn í hlutastarfi við ræstingu, samtals 177 starfsmenn. Á árinu voru 12 starfsmenn ráðnir til starfa en 14 létu af störfum. Fjöldi sumarstarfsmanna á árinu 2014 var 12.

Kynjahlutfall breyttist lítillega konum í hag á árinu. Í upphafi árs voru 90 karlar og 89 konur í starfsliði bankans. Í lok árs voru 87 karlar og 90 konur. Ekki varð breyting á kynjahlutfalli í hópi framkvæmdastjóra innan ársins, 5 konur og 5 karlar.

Í árslok var 31 starfsmaður félaga í eigu Seðlabanka Íslands, þar af 15 hjá Greiðsluveitunni ehf. og 16 hjá Eignasafni Seðlabanka Íslands ehf. og Hildu ehf.

Á árinu var unnið enn frekar að málefnum tengdum heilsu og vellíðan starfsmanna. Enn fremur var lögð áhersla á menningartengd efni og var meðal annars haldin svokölluð menningarvika í lok nóvember þar sem rithöfundar lásu upp úr nýútgefnum bókum sínum, íslenskunámskeið var haldið í tengslum við dag íslenskrar tungu og tónlist flutt.

Stjórn Seðlabanka Íslands 31. desember 2014

Bankaráð

Aðalmenn

Jón Helgi Egilsson formaður
Ágúst Ólafur Ágústsson
Ingibjörg Ingvadóttir
Ragnar Árnason
Björn Valur Gíslason
Auður Hermannsdóttir
Ingvi Hrafn Óskarsson

Varamenn

Sigrún Elsa Smáradóttir
Linda Björk Bentsdóttir
Heiðrún Lind Marteinsdóttir
Hildur Traustadóttir
Leó Löve
Sunna Jóhannsdóttir

Seðlabankastjóri

Már Guðmundsson

Aðstoðarseðlabankastjóri

Arnór Sighvatsson


Yfirmenn

Alþjóðasamskipti og skrifstofa bankastjóra:	Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri
Fjárhagur:	Erla Guðmundsdóttir framkvæmdastjóri
Fjármálainnviðir:	Guðmundur Kr. Tómasson framkvæmdastjóri
Fjármálastöðugleiki:	Sigríður Benediktsdóttir framkvæmdastjóri
Gagnasöfnun og upplýsingavinnsla:	Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri
Gjaldeyriseftirlit:	Ingibjörg Guðbjartsdóttir framkvæmdastjóri
Hagfræði og peningastefna:	Þórarinn G. Pétursson aðal­hagfræðingur
Lögfræðiráðgjöf:	Sigríður Logadóttir aðal­lögfræðingur
Markaðsviðskipti og fjárstýring:	Sturla Pálsson framkvæmdastjóri
Rekstur og starfsmannamál:	Ásta H. Bragadóttir framkvæmdastjóri
Innri endurskoðandi:	Nanna Huld Aradóttir

Félög í eigu Seðlabanka Íslands

Eignasafn Seðlabanka Íslands ehf. (ESÍ):	Haukur C. Benediktsson framkvæmdastjóri
Greiðsluveitan ehf.:	Logi Ragnarsson framkvæmdastjóri

Skipurit Seðlabanka Íslands





SAMSTÆÐUÁRSREIKNINGUR 2014

Áritun óháðra endurskoðenda

Til bankaráðs og bankastjóra Seðlabanka Íslands

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samstæðuársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2014. Samstæðuársreikningurinn hefur að geyma staðfestingu yfirstjórnar Seðlabanka Íslands, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, yfirlit um breytingar á eigin fé, yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir og skýringar.

Ábyrgð stjórnenda á samstæðuársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Samkvæmt því ber þeim að skipuleggja, innleiða og viðhalda innra eftirliti sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreiknings, þannig að hann sé í meginatriðum án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Ábyrgð stjórnenda nær einnig til þess að beitt sé viðeigandi reikningsskilaaðferðum og reikningshaldslegu mati miðað við aðstæður.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því álitum sem við látum í ljós á samstæðuársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í samstæðuársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á samstæðuársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits Seðlabanka Íslands sem varðar gerð og framsetningu samstæðuársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits Seðlabanka Íslands. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð samstæðuársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að samstæðuársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu Seðlabanka Íslands á árinu 2014, efnahag hans 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014, í samræmi við lög um ársreikninga, lög um fjármálafyrirtæki og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.

Kópavogur, 26. mars 2015

Deloitte ehf.

Benóní Torfi Eggertsson
endurskoðandi

Jón Rafn Ragnarsson
endurskoðandi

Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjóri Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2014 með undirritun sinni.

Reykjavík, 19. mars 2015

Áritun bankaráðs

Ragnar Árnason
Ágúst Ólafur Ágústsson
Ingibjörg Ingvadóttir

Jón Helgi Egilsson
formaður

Auður Hermannsdóttir
Björn Valur Gíslason
Ingvi Hrafn Óskarsson

Áritun seðlabankastjóra

Már Guðmundsson

Staðfesting fjármála- og efnahagsráðherra

Með skírskotun til yfirlýsingar endurskoðenda, bankaráðs og seðlabankastjóra staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 26. mars 2015

Bjarni Benediktsson

Rekstrarreikningur ársins 2014

	Skýringar	2014	2013
Vaxtatekjur			
Vaxtatekjur af innlendum eignum.....		19.388.923	29.119.062
Vaxtatekjur af erlendum eignum		6.838.704	6.495.539
	1	<u>26.227.628</u>	<u>35.614.602</u>
Vaxtagjöld			
Vaxtagjöld af innlendum skuldum.....		(17.301.028)	(17.110.835)
Vaxtagjöld af erlendum skuldum		(2.706.684)	(3.268.051)
	2	<u>(20.007.712)</u>	<u>(20.378.886)</u>
		Hreinar vaxtatekjur	15.235.715
Rekstrartekjur			
Þjónustutekjur	3	1.474.846	1.280.427
Þjónustugjöld	4	(1.121.958)	(917.610)
Seðlar úr umferð		(196)	0
Tekjur af hlutafjäreign	5	40.195	65.663
Verðbreytingar innlendra skuldabréfa.....		1.599.049	20.876.141
Verðendurmat fullnustueigna		613.075	0
Verðendurmat erlendra verðbréfa	6	2.746.937	(6.186.528)
Verðendurmat gulleignar	7	(120.397)	(3.672.694)
Gengishagnaður af gjaldeyrisviðskiptum	8	332.693	887.584
Sala kerfis		0	129.400
		<u>5.564.244</u>	<u>12.462.383</u>
		Hreinar rekstrartekjur	27.698.098
Rekstrargjöld			
Laun og launatengd gjöld	9	(2.335.860)	(2.065.222)
Annar rekstrarkostnaður	10	(1.210.785)	(1.180.266)
Kostnaður af seðlum og mynt	11	(68.389)	(313.795)
Afskriftir fastafjármuna	26	(169.188)	(207.082)
Virðisrýrnun krafna	12	(257.512)	(8.036.762)
		<u>(4.041.734)</u>	<u>(11.803.126)</u>
		Rekstrarhagnaður fyrir skatta	15.894.972
Tekjuskattur.....	14	(2.707.876)	(5.420.761)
		Hagnaður án gengismunar og framlags	10.474.211
Framlag til ríkissjóðs		0	(6.516.660)
Gengismunur	13	6.185.091	(12.250.192)
		<u>Hagnaður (tap) ársins</u>	<u>(8.292.641)</u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2014

Eignir	Skýringar	2014	2013
Gulleign	16	9.597.822	8.816.672
Erlendar eignir	17-20	518.019.660	476.543.770
Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	21	3.447.240	3.326.298
Innlendar fjáreignir	22-25	401.763.108	473.368.092
Varanlegir rekstrarfjármunir	26	4.745.108	4.852.419
Fullnustueignir og fasteignir til sölu	28	9.725.128	11.488.826
Aðrar eignir	29	5.034.936	20.046.700
Tekjuskattsinnæign	27	1.264.992	3.742.341
Eignir		<u>953.597.993</u>	<u>1.002.185.117</u>
Eigið fé og skuldir			
Stofnfé		83.501.000	57.501.000
Óinnkallað stofnfé	38	(52.000.000)	0
Varasjóður	15	9.313.826	0
Endurmat fasteigna og lausafjármuna		4.348.056	4.397.000
Annað eigið fé		29.863.773	27.909.014
Eigið fé	39	<u>75.026.655</u>	<u>89.807.014</u>
Seðlar og mynt	31	49.955.315	47.015.508
Erlendar skuldir	32	45.678.267	123.016.341
Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn	21	20.621.220	19.898.237
Innstæður fjármálastofnana	33	69.016.442	77.168.373
Aðrar innstæður	34	578.337.314	473.765.713
Innlendar fjárskuldir	35	113.197.784	141.078.441
Tekjuskattsskuldbinding	27	20.010	36.523
Lífeyrisskuldbinding	36	255.427	316.448
Aðrar skuldir	37	1.489.560	23.565.861
Ógreitt framlag til ríkissjóðs		0	6.516.660
Skuldir		<u>878.571.339</u>	<u>912.378.104</u>
Eigið fé og skuldir		<u>953.597.993</u>	<u>1.002.185.117</u>

Yfirlit um sjóðstreymi ársins 2014

Rekstrarhreyfingar	2014	2013
Innheimtar vaxtatekjur	25.648.397	24.456.830
Greidd vaxtagjöld	(21.561.282)	(23.338.838)
Innheimtar hreinar vaxtatekjur	4.087.115	1.117.992
Innheimtar þjónustutekjur	1.476.944	1.339.243
Greidd þjónustugjöld	(1.125.656)	(846.444)
Innborgaður arður af hlutafjareign og sala kerfis	40.195	192.151
Innheimtar hreinar rekstrartekjur	4.478.598	1.802.942
Greidd rekstrargjöld	(3.568.714)	(3.522.451)
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar) án skatta og framlags	909.884	(1.719.509)
Greiddur tekjuskattur	(2.154.539)	(2.231.839)
Greitt framlag í ríkissjóð	(6.516.660)	(2.185.769)
Handbært fé til rekstrar	(7.761.315)	(6.137.117)
Fjárfestingarhreyfingar		
Lán gegn veði og daglán, lækkun	0	12.350.000
Keyptir rekstrarfjármunir	(61.877)	(152.943)
Fullnustueignir, sala að frádregnum viðbótum	3.562.583	0
Seld (keypt) hlutabréf	173.430	(47.850)
Seld ríkisbréf	10.183	6.773.214
Keypt verðbréf	(10.935.339)	0
Seld verðbréf	34.577.393	292.716
Afborganir af verðbréfum o.fl.	23.415.088	19.538.024
Keypt gull	(6.569)	0
Keypt verðbréf í gjaldeyrisforða	(191.778.158)	(168.562.897)
Seld verðbréf í gjaldeyrisforða	167.922.480	97.266.219
Fjármagnstekjuskattur dótturfélaga, lækkun (hækkun)	54.842	(148.625)
Skiptasamningar, lækkun	0	1.662.999
Sérstök dráttarréttindi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins	(7.681)	629.895
	26.926.376	(30.399.248)
Fjármögnunarhreyfingar		
Seðlar og mynt í umferð, hækkun	2.939.807	1.873.460
Tekið lán hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum (afborganir)	(50.402.017)	0
Tekin lán hjá seðlabönkum Norðurlanda (afborganir)	(30.845.000)	0
Innstæðubréf, (lækkun) hækkun	(132.750.000)	27.600.000
Bundin innlán, hækkun	106.913.214	0
Gjaldeyrisinnstæður, hækkun (lækkun)	28.043.636	(2.983.899)
Innstæður innlánsstofnana (lækkun)	(20.270.413)	(1.571.293)
Innstæður annarra aðila o.fl., hækkun	12.548.722	45.927
Innstæður ríkissjóðs, hækkun (lækkun)	55.744.996	(51.873.541)
Skiptasamningar	(242.321)	0
	(28.319.376)	(26.909.346)
Breyting á handbæru fé		
Lækkun á erlendum bankainnstæðum	(9.154.315)	(63.445.710)
Gengismunur erlendra bankainnstæðna	1.951.299	(7.217.530)
Erlendar bankainnstæður í ársbyrjun	42.578.316	113.241.556
Erlendar bankainnstæður í árslok	35.375.300	42.578.316

Fjárhæðir eru í þúsundum króna.

Yfirlit um breytingar á eigin fé 2014

	Stofnfé	Óinnkallað stofnfé	Vara- sjóður	Endurmat fasteigna	Annað eigið fé	Eigið fé samts
Eigið fé 1. janúar 2013.....	57.501.000			4.449.711	36.148.944	98.099.655
Tap ársins 2013.....					(8.292.641)	(8.292.641)
Afskrift endurmetinna eigna 2013 ..				(52.711)	52.711	0
Eigið fé 31. desember 2013	<u>57.501.000</u>			<u>4.397.000</u>	<u>27.909.014</u>	<u>89.807.014</u>
Eigið fé 1. janúar 2014	57.501.000			4.397.000	27.909.014	89.807.014
Lækkun stofnfjár	(26.000.000)					(26.000.000)
Innkallanlegt stofnfé skv. samk.....	52.000.000	(52.000.000)				0
Hagnaður ársins			9.313.826		1.905.815	11.219.641
Afskrift endurmetinna eigna 2014				(48.944)	48.944	0
Eigið fé 31. desember 2014	<u>83.501.000</u>	<u>(52.000.000)</u>	<u>9.313.826</u>	<u>4.348.056</u>	<u>29.863.773</u>	<u>75.026.655</u>

Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

- Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga, nr. 3/2006, ákvæði laga nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, og reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands.
- Við gerð ársreiknings þurfa stjórnendur, í samræmi við lög um ársreikninga, að taka ákvarðanir, meta og draga ályktanir sem hafa áhrif á eignir og skuldir á reikningsskiladegi og veita upplýsingar í skýringum um tekjur og gjöld. Við mat og ályktanir er byggt á reynslu og ýmsum öðrum þáttum sem taldir eru viðeigandi og mynda grundvöll þeirra ákvarðana sem teknar eru um bókfært verð eigna og skulda sem ekki liggur fyrir með öðrum hætti.
- Breytingar á reikningshaldslegu mati eru færðar á því tímabili sem þær eiga sér stað.
- Ársreikningur samstæðunnar tekur til ársreikninga Seðlabanka Íslands og félaga í eigu bankans („dótturfélög“ skv. reikningsskilareglum).

Meðal markmiða samstæðureikningsskilanna er að birta einungis tekjur, gjöld, eignir og skuldir samstæðunnar út á við og er því viðskiptum innan hennar eytt út við gerð reikningsskilanna. Ef við á eru gerðar leiðréttingar á reikningsskilum dótturfélaga til að samræma þau við reikningsskilaaðferðir samstæðunnar.

- Dótturfélög eru félög þar sem Seðlabankinn fer með yfirráð. Yfirráð eru til staðar þegar bankinn hefur vald til ákvörðunartöku um fjármál og rekstur félagsins. Eignarhlutar í þeim eru færðir samkvæmt hlutdeildaraðferð og eru eignarhlutar í hlutdeildarfélögum færðir á kostnaðarverði að teknu tilliti til hlutdeildar í rekstri og virðisrýrnunar einstakra fjárfestinga. Tap félaganna umfram hlutdeild er aðeins gjaldfært hafi félagið gengist í ábyrgð eða stofnað til skuldbindinga fyrir þeirra hönd.
- Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur miðað við miðgengi í árslok 2014. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags.

Grundvöllur reikningsskilanna

Mat og ákvarðanir

Samstæða

Eignarhlutir í dótturfélögum

Erlendir gjaldmiðlar

	Meðalgengi ársins		Árslokagengi	
	2014	2013	2014	2013
Evra (EUR)	154,86	162,38	154,27	158,50
Bandaríkjadalur (USD)	116,75	122,23	126,90	115,03
Sterlingspund (GBP)	192,17	191,22	197,66	190,21
Kanadadalur (CAD)	105,71	118,72	109,59	108,07
Dönsk króna (DKK)	20,77	21,77	20,72	21,25
Norsk króna (NOK)	18,54	20,83	17,14	18,92
Sænsk króna (SEK)	17,03	18,76	16,44	17,95
Svissneskur franki (CHF)	128,00	131,91	128,29	129,19
Japanskt jen (JPY)	1,10	1,26	1,06	1,10
Pólskt slot (PLN)	37,01	38,69	36,08	38,21

Verðtryggðar eignir og skuldir

- Verðtryggðar eignir og skuldir eru skráðar með áföllnum verðbótum í árslok 2014 og er miðað við viðeigandi vísitölugildi í janúar 2015 sem endurspeglar verðlag í lok ársins 2014. Verðbætur eru færðar í rekstrarreikning með vöxtum.

Verðbréf

- Verðbréf í gjaldeyrisforða bankans eru skráð á markaðsverði og matsbreytingar eru færðar í rekstrarreikning.

Skráning tekna og gjalda

- Tekjur eru færðar þegar til þeirra er unnið hvort sem innheimta hefur farið fram eða ekki. Hið sama á við um gjöld, þau eru færð þegar til þeirra er stofnað hvort sem þau voru greidd eða ekki. Í rekstrarreikning færast enn fremur matsbreytingar af verðbréfum hvort sem þær eru innleystar eða óinnleystar.

Seðlar og mynt

- Kostnaður af útgáfu seðla og myntar er færður til gjalda þegar hann fellur til.
- Seðlar og mynt í umferð er skráð á nafnvirði. Upphæðin er fengin með því að draga frá virði seðla og myntar sem Seðlabanki Íslands fær frá framleiðendum, bæði virði seðla og myntar sem er í fjárhirslu og virði seðla og myntar sem Seðlabanki Íslands hefur eytt. Breytingin er færð til gjalda í rekstrarreikning.

Skattamál

- Tekjuskattur er reiknaður og færður í ársreikninginn. Útreikningur hans byggist á afkomu fyrir skatta að teknu tilliti til varanlegs mismunar á skattalegri afkomu og afkomu samkvæmt ársreikningi. Tekjuskattshlutfall er 20%.
